

MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐUNEYTI

Fjölbrautaskóli Vesturlands

Ytra mat haustið 2022



Jafnrétti – Virðing – Fjölbreytileiki

Unnið fyrir mennta- og barnamálaráðuneyti

Margrét Friðriksdóttir og Unnar Örn Þorsteinsson

Ytra mat á starfsemi Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi haustið 2022
Skýrsla unnin fyrir mennta- og barnamálaráðuneyti

Margrét Friðriksdóttir
Unnar Örn Þorsteinsson
Ljósmyndir í skýrsluna tók Unnar Örn Þorsteinsson
ISBN 978-9979-0-2810-9

Heildarniðurstöður

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi (FVA) er áfangaskóli sem tók til starfa árið 1977. Skólinn starfar eftir þremur gildum; jafnrétti, virðingu og fjölbreytileika. Skólinn býður upp á bók- og verknám í stað- og dreifnámi. Ný uppfærð skólanámskrá er birt á heimasíðu skólans og tók hún gildi í júní 2022. Nemendafjöldi í dagskóla við upphaf haustannar 2022 var 387 en athygli vekur að nemendur hafa ekki verið færri við upphaf haustannar um árabíl en flestir voru þeir 434 í dagskóla haustið 2018. Flestir nemenda skólans koma frá Akranesi eða um 80% en vorið 2022 voru 18 nemendur utan Vesturlands. Á vorönn 2022 eru 60,5% nemenda á aldrinum 16-19 ára og karlar eru í meirihluta eða 61% nemenda en konur 39%. Nokkurt jafnvægi virðist vera í fjölda innritaðra nýnema en meðaltal síðustu fimm ára er 114 nýnemar á ári. Brotthvarf nema úr námi var 5,4% á vorönn 2022 en undangengin misseri hefur brotthvarf legið á bilinu 4-6%. Á árunum 2018-2022 hafa 529 nemar útskrifast frá FVA og hafa flestir útskrifast af náttúrufræðabraut eða 107 og 96 af opinni braut. Úr iðnnámi brautskrást flestir úr húsasmíði eða 65 á þessu tímabili. Þá hafa 40 iðnnemar lokið viðbótarnámi til stúdentsprófs á tímabilinu. Nemendur á náttúrufræðabraut útskrifast að meðaltali á sex önnum, nemendur á félagsfræðabraut útskrifast á 6,4 önnum og nemendur á opinni stúdentsbraut útskrifast á 6,6 önnum. Nemendur í húsasmíði útskrifast að meðaltali eftir 5 annir sem er skilgreindur námstími í húsasmíði í skóla samkvæmt námskrá.

Við upphaf haustannar 2022 var starfsfólk skólans 65 í 56,8 stöðugildum. Af þeim voru kennarar 45 í 40,5 stöðuhlutfalli. Í kennarahópnum voru karlar 23 en konur 22. Háskólapróf hafa 35 kennarar þar af þrjár án kennsluréttinda og aðra menntun hafa 13 og einnig 3 án kennsluréttinda. 80% kennara hafa styttri starfsaldur en 10 ár og rúmur helmingur kennara styttri starfsaldur en 5 ár. Starfsmannavelta hefur verið umtalsverð síðustu misseri eða 16,67% á árinu 2022. Alls hafa 24 starfsmenn látið af störfum síðustu 5 ár en sex þeirra hættu vegna aldurs.

Stefna og markmið FVA eru sett fram í skólanámskrá og birt á heimasíðu skólans. Stefna skólans er að bjóða fjölbreyttar námsleiðir fyrir ungmenni á öllu Vesturlandi. Meginmarkmið skólans er að flétta grunnþættina inn í alla kennslu sem og starf skólans og þjóna þannig þeim fjölbreytta nemendahópi sem stundar nám í FVA. Skólinn setti sér loftslagsstefnu sem tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. FVA flaggaði grænfánanum fyrst í apríl 2019. FVA hefur lokið fjórum skrefum í verkefninu „Græn skref í ríkisrekstri“. Þá hefur skólinn sett sér samgöngustefnu og gerður var samgöngusamningur við starfsfólk og nemendur. Jafnrétti er eitt af gildum skólans og FVA hefur sett sér jafnréttisstefnu. Þá hefur skólinn sett sér stefnu gegn einelti, áreitni og öðru ofbeldi. Ábendingahnappur er á forsíðu á vef skólans. Mannauðsstefna FVA liggur fyrir og einnig persónuverndarstefna. Þá hefur skólinn sett sér skjalastefnu og upplýsingaöryggisstefnu auk ýmissa reglna um rafrænt öryggi. FVA er heilsueflandi framhaldsskóli og árleg heilsuvika er á haustönn. Nú á haustdögum setti FVA sér nýja stefnu um öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk og áfallaáætlun er aðgengileg í skólanámskrá. Innkaupastefna og innkaupareglur voru samþykktar á haustönn 2021 og heildstæð stefna um nám- og kennslu er í vinnslu. Skv. gæðastefnu skólans er unnið að því að gæðakerfið sé í samræmi við kröfur staðalsins ISO9001-2018.

Við stjórnun FVA er lögð áhersla á lýðræðislega stjórnunarhætti þar sem kappkostað er að veita starfsmönnum og nemendum virka hlutdeild í stjórnun skólans og ákvörðunum. Í sjálfsmatsferli skólans kom fram að skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki og traust ríkir til skólameistara. Fram kom

hjá viðmælendum að umtalsverð jákvæð breyting hafi orðið á stjórnun skólans með nýjum skólameistara sem kom til starfa árið 2020. Fram kom hjá starfsfólki að aðgengi að stjórnendum er gott og stjórn nemendafélags er ánægð með samskipti við skólameistara og stjórnendur. Stjórnendateymið fundar einu sinni í viku um innri málefni skólans og fram kom hjá öllum stjórnendum að samvinna þeirra gangi mjög vel og þeim líði vel í starfi. Vikulega er sent út fréttabréf Skruddan frá skólameistara sem vistað er á heimasíðu skólans. Í könnun SFR, Stofnun ársins hafa niðurstöður um stjórnun í FVA farið úr 3,12 árið 2019 í 4,2 árið 2021.

Hjá nemendum og kennurum FVA kom fram að kennsluhættir væru almennt fjölbreyttir en það færi eftir námsgreinum. Kennsluáætlanir eru samræmdar og greinargóðar og notast er við INNU kennslukerfið. Námsval er fjölbreytt og námsmat hefur færst meira frá lokaprófum í símat. Stoðþjónusta skólans er öflug og í námsverinu geta nemendur fengið aðstoð. Samskipti nemenda og kennara eru góð en yfir 90% nemenda töldu svo vera í kennslumati. Alþjóðlegt samstarf er fastur liður í skólastarfinu og skólinn er Erasmus vottaður og hefur sett sér alþjóðastefnu og ráðið alþjóðafulltrúa.

Í máli stjórnenda FVA kom fram að skólabragurinn einkenndist af persónulegu og notalegu viðmóti og fjölbreyttu námsframboði. Fram kom hjá starfsfólki að skólabragurinn og líðan innan skólans væri jákvæð, það sem rými væri fyrir gleði og andinn innan skólans væri líflegur. Jákvæð breyting hefur orðið á viðhorfum starfsmanna til skólans samanber niðurstöður könnun SFR, Stofnun ársins eða farið úr 3,67 árið 2018 í 4,2 árið 2021. Nemendum telja að þeim líði almennt vel í skólanum, vel sé að þeim búið og FVA væri góður skóli. Orðspor skólans væri gott og eiginlega allir af svæðinu færu í nám í FVA.

Félagslíf í FVA er að öllu jöfnu öflugt og margt í gangi en nefna má nýnemadagur og nýnemaferð, WestSide íþróttakeppni, leikrit, Skammhlaup, opnir dagar, árshátíð, Gettu betur, Morfís og dansleikir svo nokkuð sé nefnt. Störf NFFA hafa síðustu misseri litast mjög af þeim skorðum sem samkomutakmarkanir hafa sett félagslífina en stjórn NFFA taldi að nemendur væru að byrja að venjast því að hafa félagslíf aftur. Þau sögðu aðstöðuna fína en betra væri að hafa sérstakt rými fyrir stjórnina. Þá væri samstarf við stjórnendur skólans, félagslífsfulltrúa og umsjónarmann gott.

Skipunartími skólanefndar rann út í júní 2022 og ný skólanefnd var skipuð í október og verður fyrsti fundur nefndarinnar 7. desember. Í máli fráfarandi formanns kom fram að skólanefndin fundaði að jafnaði tvisvar til þrisvar á ári um helstu málefni skólans. Þá kom fram að samskipti innan nefndarinnar væru góð og samskipti við stjórnendur skólans hefðu gengið mjög vel undanfarin tvö ár eftir að nýr skólameistari kom til starfa. Í máli fulltrúa foreldraráðs kom fram að nýtt ráð tók til starfa í haust og verið væri að koma foreldraráði skólans í meiri virkni.

Starfsemi FVA fer fram í 8.583 fm húsnæði við Vogabraut 4 og 5 á Akranesi. Aðkoma að aðalinngangi er góð og næg bílastæði. Skólinn er snyrtilegur og vel við haldið en í máli umsjónarmanns kom fram að miklar framkvæmdir hefðu verið í húsinu, múrviðgerðir og skipt um glugga og þök. Búið væri að endurnýja loftræstikerfi, vinnuaðstöðu stoðþjónustu og hluta heimavistar. Fram kom að uppfæra þyrfti kennslustofur í raungreinum og listgreinar þyrftu meira pláss. Þá vantar skólann íþróttahús eða viðbótaraðstöðu til kennslu í íþróttum. Aðstaða á bókasafni er góð og mötuneyti og matsalur vel búinn. Starfsemi FVA miðar að því að tryggja öruggt og heilsusamlegt umhverfi.

Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður	2
Efnisyfirlit.....	4
Inngangur	6
Fjölbrautaskóli Vesturlands	8
Nemendur og nám.....	9
Starfsfólk	12
Viðmið og vísbendingar	16
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	16
1.1. Um stefnu og áætlanir	16
1.2. Um stjórnendur	17
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur	17
1.4. Um innra mat	18
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	19
2.1. Um nám og kennslu.....	19
2.2. Um kennsluaðstæður / stuðning við nemendur	20
2.3. Um námsmat.....	20
2.4. Um kennara.....	21
2.5. Um námsgögn	21
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	22
3.1. Um skólabrag.....	22
3.2. Um samskipti í skólastofunni.....	22
3.3. Um félagslíf nemenda.....	23
3.4. Um samskipti við foreldra / forráðamenn	23
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf	23
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	24
Þáttur 5: Lykilárangur	25
5.1. Um námsárangur	25
5.2. Um árangur í grunnþáttum.....	25
5.3. Um langtímaárangur.....	26

Viðaukar – Greinargerð matsmanna	27
Umfjöllun um stjórnun og skipulag	27
Umfjöllun um kennslu og námsframboð	40
Umfjöllun um samskipti og líðan	46
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað	52
Umfjöllun um lykilárangur	56
Heimildir og tilvísanir.....	59
Listi yfir töflur	5
Tafla 1. Fjöldi nemenda í dagskóla vor og haust 2018 – 2021.....	9
Tafla 2. Hvaðan koma nemendur(póstnúmer haust 2021 og vor 2022)	9
Tafla 3. Fjöldi nemenda á haustönn 2021 og vorönn 2022 eftir aldri og kyni	10
Tafla 4. Þróun í innritun nýnema að hausti frá 2018 til 2021 efir kyni	10
Tafla 5. Skipting nemenda á haustönn 2018-2022 greind eftir kyni	11
Tafla 6. Viðveruskráning nemenda haustið 2021 og vorið 2022	11
Tafla 7. Brotthvarf nemenda úr dagskóla haust og vor árin 2018 til 2022.....	11
Tafla 8. Fjöldi brautskráðra vorin 2018 – 2022 á hverri námsbraut og alls.....	12
Tafla 9. Starfsheiti og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni að hausti 2022.....	13
Tafla 10. Menntun kennara haustið 2022	13
Tafla 11. Starfsaldur kennara haustið 2022.....	14
Tafla 12. Námsstími nemenda við brautskráningu 2022	14
Tafla 13. Starfsmannavelta	14
Tafla 14. Meðalstærð námshópa.....	15
Listi yfir myndir	5
Mynd 1. Skipurit FVA	32
Mynd 2. Kennslustofa í tréiðin í FVA	43
Mynd 3. Kennslustofa í raungreinum í FVA	44
Mynd 4. Kennslustofa í málmíðin í FVA	44
Mynd 5. Orð sem lýsa FVA.....	47
Mynd 6. Afstöðumynd af Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.....	52
Mynd 7. Bókasafn FVA.....	53
Mynd 8. Matsalur FVA	53

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um ytra mat á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi er unnin í samræmi við reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum fyrir mennta- og barnamálaráðuneyti. Menntamálastofnun sér um framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið og réð Margréti Friðriksdóttur og Unnar Örn Þorsteinsson til að vinna matið. Þau eru höfundar þessarar skýrslu og hófu vinnu við hana í ágúst 2022.

Skýrsluhöfundar heimsóttu Fjölbrautaskóla Vesturlands í október 2022. Tilgangurinn með heimsókninni var að meta og upplifa skólabrag og starfsemi skólans í samfylgd stjórnenda, kennara, nemenda og starfsmanna skólans.

Í fyrsta hluta skýrslunnar koma fram tölulegar upplýsingar um starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands. Í öðrum hluta er fjallað um mat skólans á eigin starfsemi (S) sem og mat skýrsluhöfunda (M) á sömu þáttum. Þriðji hluti skýrslunnar eru viðaukar þar sem er að finna rökstuðning skýrsluhöfunda við spurningum í matslistum. Fjórdi hluti skýrslunnar tekur fyrir þau gögn og þær heimildir sem skýrsluhöfundar lögðu til grundvallar ytra mati á Fjölbrautaskóla Vesturlands.

Frá árinu 1996 hafa framhaldsskólar unnið að innra mati (sjálfsmati) á starfsemi sinni í samræmi við framhaldsskólalög. Í lögnum frá árinu 1996 var menntamálaráðuneytinu ætlað að gera úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla en með lögnum frá árinu 2008 voru eftirlitsskyldur ráðuneytisins auknar þannig að þær ná nú til allra þátta í skólahaldi framhaldsskóla. Samkvæmt reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum skal framhaldsskóli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins. Virkt mat skal samofið annarri starfsemi skóla. Það skal vera umbótamiðið og ná til allra helstu þátta skólastarfsins. Tryggja skal virka þátttöku starfsmanna, foreldra, nemenda og skólaráðs í innra mati, eftir því sem við á og matið skal byggja á fjölbreyttum gögnum.

Í ágúst árið 2022 sendi Menntamálastofnun Fjölbrautaskóla Vesturlands bréf um fyrirhugað ytra mat þar sem honum var falið að skipuleggja eigið mat með hliðsjón af því. Eigið mat skólans byggi á mati út frá 78 viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og barnamálaráðuneyti hefur sett. Eftirtaldir þættir eru til viðmiðunar:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Hverjum þætti er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða:

- (A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár
- (B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá
- (C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta
- (D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar

Skýrsluhöfundar meta starfsemi skólans út frá sömu þáttum og sú útkoma birtist einnig í niðurstöðum matsins til að ýta undir áreiðanleika þess.

Helstu gögn sem skýrsluhöfundar nýttu við ytra matið voru:

- 1 Ýmsar tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsaðila. Hér má nefna upplýsingar um námsframboð, nemendur, starfstíma, fyrirkomulag starfstíma, starfsfólk, starfsmannaveltu, menntun kennara, viðveru nemenda, brotthvarf frá námi, samninga og skýrslur.
- 2 Vefsvæði skólans (<https://www.fva.is>). Á vefsvæði skólans voru sótt ýmis gögn er varða stefnu skólans, skipulag og starf.
- 3 Vettvangsheimsókn í Fjölbrautaskóla Vesturlands, umræður í rýnihópum og samtöl við stjórnendur. Valið var í rýnihópa nemenda og starfsmanna með slembivali. Fjölbrautaskóli Vesturlands sá um að boða viðmælendur til funda og rætt var við stjórnendur (skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fjármálastjóra og mannauðs- og gæðastjóra), hóp kennara, hóp deildarstjóra, hóp annarra starfsmanna, hóp náms- og starfsráðgjafa, rýnihóp gæðastjóra og gæðaráðs, tvo hópa nemenda og stjórn nemendafélagsins, félagslífsfulltrúa og forvarnarfulltrúa, fulltrúa foreldraráðs og fyrrverandi formann skólanefndar. Viðmælendur voru alls 48.

Á þessum grundvelli fór fram greining gagna. Skýrsluhöfundar gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir mati skýrsluhöfunda má sjá í þriðja hluta þessarar skýrslu.

Skýrsluhöfundar vilja þakka öllum sem þátt tóku í ytra mati á Fjölbrautaskóla Vesturlands fyrir þeirra þátttöku. Þátttakendur í rýnihópum og viðtölum veittu ýmsar upplýsingar um helstu gögn sem ytra matið byggir á.

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

Fjölbrautaskólinn á Akranesi tók til starfa 12. september 1977 eins og fram kemur í sögu skólans á heimasíðu FVA. Nýr skóli tók við húsnæði og hlutverki Gagnfræðaskólans og lðnskólans á Akranesi. Eftir stofnun skólans hófst fljótlega samstarf um rekstur framhaldsdeilda í grunnskólum á Vesturlandi. Auk þess tók Héraðsskólinn í Reykholti þátt í þessu samstarfi. Nám í skólanum var skipulagt eftir áfangakerfi og haustið 1978 kom út fyrsta útgáfa námsvísis í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Flensborgarskólann í Hafnarfirði.

Upphaf byggingarsögu skólans má rekja til ársins 1957, eins og fram kemur á heimasíðu skólans, en þá var fyrsta skóflustungan tekin að nýbyggingu Gagnfræðaskóla Akraness. Hún var tekin í notkun árið 1962. Þegar nemendum fjölgaði var byggt við skólann svokallað Ormarshús (eftir arkitektinum Ormari Þór Guðmundssyni), opnað haustið 1974 en er núna oftast nefnt B-álma í daglegu tali. Síðan hafa risið við skólann álma með kennslustofum og þjónustubygging. Sá hluti þjónustubyggingar sem tilheyrir bókasafninu var ekki tekinn í notkun fyrr en árið 2001.

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi var ekki stofnaður formlega fyrr en 6. febrúar 1987 en þá tók gildi samningur 32ja sveitarfélaga á Vesturlandi um rekstur sameiginlegs framhaldsskóla í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Áður en skólinn var stofnaður hafði verið víðtækt samstarf milli Fjölbrautaskólans, framhaldsdeilda grunnskóla á Vesturlandi og Héraðsskólans í Reykholti. Það samstarf hafði að leiðarljósi að samræma kennslu og námskröfur á milli skólanna.

Samningurinn frá 1987 hefur tekið nokkrum breytingum í gegnum árin vegna breytinga á lögum um framhaldsskóla. Hann var endurnýjaður í janúar 1992 og aftur 1998. Sveitarfélögunum er standa að skólanum hafði þá fækkað vegna sameiningar úr 32 í 17. Síðan hafa sveitarfélög á Snæfellsnesi stofnað sinn eigin framhaldsskóla og Borgnesingar einnig og öðrum sveitarfélögunum enn fækkað. Þegar samningurinn var endurnýjaður í maí 2011 stóðu að honum sex sveitarfélög: Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur.

Einkunnarorð skólans eru:

Jafnrétti Virðing Fjölbreytileiki

Húsnæði Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi er rúmlega 7.330 fermetrar auk 1.250 fermetra heimavistar. Húsnæðið skiptist í aðalbyggingu skólans við Vogabraut 5, málmiðnahús við Vogabraut 5 og heimavistarhús við Vogabraut 4.

Nemendur og nám

Heildarfjöldi nemenda við skólann á vorönn 2022 var 477. Þar af voru 342 nemendur í dagskóla og 135 nemendur í dreifnámi/kvöld- og helgarnámi. Í heildina var kynjaskipting þannig að 60,8% nemenda voru karlar og 39,3% konur. Í dagskólanum var kynjahlutfallið 61% karlar og 39% konur, í dreifnámi var kynjahlutfallið 60% karlar og 40% konur. Í dagskólanum voru flestir á opinni stúdentsbraut eða 130 nemendur. Á náttúrufræðabraut voru 43 nemendur og 34 á félagsfræðabraut. Á sjúkraliðabraut voru 47 nemendur í dreifnámi. Á iðnnámsbrautum voru 53 nemendur í rafvirkjun í dagskóla, í húsasmíði voru 20 nemendur í dagskóla og 73 í dreifnámi, í vélvirkjun voru 21 nemendur í dagskóla og 15 í dreifnámi.

Fjöldi nemenda

Eins og fram kemur í töflu eitt eru nemendur í dagskóla flestir haustið 2018 eða 434, en fæstir á vorönn 2022 eða 342. Hér munar alls 92 nemendum. Athygli vekur að nemendur á haustönn 2022 í dagskóla hafa ekki verið jafn fáir eða 387 á haustönn um árabil. Auk þess kemur fram að nemendur á vorönn eru að jafnaði færri en á haustönn, og er munurinn mestur árið 2020 eða 70.

Tafla 1.

Fjöldi nemenda í dagskóla vor og haust 2018–2022

	2018		2019		2020		2021		2022	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
Fjöldi nem.	384	434	386	404	361	431	370	404	342	387

Nemendur í Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA) koma flestir eða um 80% frá Akranesi eins og fram kemur í töflu tvö. Þá koma nemendur af Vesturlandi en 21 nemandi kemur í skólann annars staðar frá haustið 2021 og á vorönn 2022 voru aðeins 18 utan Vesturlands.

Tafla 2.

Hvaðan koma nemendur (póstnúmer – haust 2021 og vor 2022)

Póstnúmer	Fjöldi haust 2021	Fjöldi vor 2022
	Dagskóli	Dagskóli
300 Akranes	323	276
301 Akranes dreifbýli	17	14
310-381 Vesturland	43	34
Utan vesturlands	21	18

Tafla þrjú sýnir heildarfjölda nemenda (dagskóli og dreifnám) á haustönn 2021 og vorönn 2022 eftir aldri og kyni. Á haustönn 2021 eru 56% nemenda skólans á aldrinum 16-19 ára en á vorönn 2022 eru það 60,5%. Þá er áberandi hve stór hópur nemenda er fæddur 1999 eða fyrr, eða tæp 30% nemenda. Vera má að það

skýrist af hærri aldri þeirra sem sækja iðnám í dreifnámi en fjöldi þeirra býr utan Vesturlands, í samanburði við lægri aldur þeirra sem sækja staðbundið nám við skólann. Karlar eru yfirleitt í meirihluta, ef undanskilið er fæðingarárið 2003 þar sem kynjahlutfall er nokkuð jafnt. Á vorönn 2021 eru karlar 62% nemenda en konur 38% og á vorönn 2022 eru karlar 61% en konur 39%.

Tafla 3.

Fjöldi nemenda á vorönn 2021 og haustönn 2021 eftir aldri og kyni

Haustönn 2021			Vorönn 2022		
Fæðingarár:	Karlar	Konur	Fæðingarár	Karlar	Konur
2005/2006	74	44	2005/2006	73	42
2004	65	47	2004	60	46
2003	40	36	2003	36	32
2002	40	17	2002	24	8
2001	15	3	2001	10	3
2000	5	1	2000	2	3
1999 eða fyrr	98	62	1999 eða fyrr	85	53

Tafla fjögur sýnir þróun í innritun nýnema að hausti frá árinu 2018 til ársins 2022. Öll árin, utan ársins 2019, eru fleiri karlar í hópi nýnema. Heildarfjöldi nýnema var mestur árið 2020 eða 124 en minnstur árið 2019 eða 101, nokkurt jafnvægi virðist vera í fjölda innritaðra nýnema en meðaltal síðustu fimm ára er 114 nýnemar.

Tafla 4.

Þróun í innritun nýnema á haustönn 2018 og vorönn 2022 eftir kyni

Ár	Karlar	Konur
2018	69	47
2019	47	54
2020	69	55
2021	72	44
2022	73	40

Tafla fimm sýnir fjölda nemenda á námsbrautir eftir kyni frá haustinu 2018 til vorsins 2022. Mestur fjöldi nemenda á tímabilinu sækir nám á stúdentsbrautum eða 1192 en nemar í iðnnámi eru 987 á tímabilinu. Á stúdentsbrautum eru stúlkur í meirihluta eða 61% nemenda og það sama gildir um sjúkraliðanám skólans þar sem stúlkur eru 96% nemenda. Karlar, aftur á móti, eru í meirihluta nemenda sem sækja iðnám við skólann eða 96%. Ekki hefur orðið teljandi aukning á stúlkum í iðnnámi þrátt fyrir ýmsar aðgerðir í þá veru.

Tafla 5.

Skipting nemenda á haustönn 2017-2021- greind eftir kyni

Námsbrautir	H-2018		H-2019		H-2020		H-2021		H-2022	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Framhaldskólabr.	21	13	19	8	21	9	14	3	13	4
Stúdentsbrautir	102	152	89	157	82	157	96	136	98	123
Iðnám	167	14	145	9	196	16	206	19	197	18
Sjúkraliðabraut		35	1	30	3	28	3	47	3	61
Starfsbraut	14	5	17	5	17	6	17	5	20	3
Annað	2	1		1	2	1	1			

Í töflu sex er viðvera að hausti 2021, þar sem mæting er 85,09% en á vorönn 2022 er mæting 77,82%. Óútskýrð fjarvera er 5,74% haustið 2021 og 7,47% vorið 2022. Athygli vekur að fjarvera frá námi á vorönn 2022 er nokkur að loknu Covid-tímabili.

Tafla 6.

Viðveruskráning nemenda haustið 2021 og vorið 2022 (sem hlutfall af heildartímafjölda)

	Haustið 2021	Vorið 2022
Mæting	85,09%	77,82%
Veikindi	7,07%	11,51%
Of seint	1,22%	1,3%
Leyfi	0,88%	1,9%
Óútskýrð fjarvera	5,74%	7,47%

Í töflu sjö kemur fram brotthvarf nemenda vor og haust á árunum 2018-2022. Mest er brotthvarf árin 2019 eða 5,45% og 2021 eða 5,43%. Minnst er brotthvarf nemenda árið 2018 eða 2,7%. Taka þarf tillit til og skoða sérstaklega það brotthvarf sem varð á árunum 2020 og 2021 á Covid tíma þegar kennsluhættir breyttust og ekki allir nemendur sem náðu að fóta sig þó skólinn legði mikið af mörkum til að koma til móts við nemendur.

Tafla 7.

Brotthvarf nemenda haust og vor árin 2018 til 2022

Ár	Vor %	Haust %	Meðaltal
2018	2,0%	3,4%	2,7%
2019	4,5%	6,4%	5,45%
2020	4,3%	5,5%	4,9%
2021	4,75%	6,11%	5,43%
2022	5,4%		

Tafla átta sýnir fjölda brautskráðra vorin og haustin 2018 til 2022 á hverri námsbraut og alls. Þar kemur fram að flestir nemendur eru brautskráðir af náttúrufræðabraut eða 107 og 96 brautskráðir af opinni braut til stúdentsprófs. Úr iðnnámi brautskrást flestir úr húsasmíði eða 65. Áhugavert er að sjá að á tímabilinu hafa 40 iðnnemar lokið viðbótarnámi til stúdentsprófs. Á tímabilinu útskrifast samtals 510 nemendur úr Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.

Tafla 8.

Fjöldi brautskráðra vor og haust 2018–2022 á hverri námsbraut og alls

Námsbraut	2018 vor	2018 haust	2019 vor	2019 haust	2020 vor	2020 haust	2021 vor	2021 haust	2022 vor	Samtals
Félagsfræðabraut	13	5	7	12	9	6	10	5	8	75
Húsasmíði	5	2	4	8	10	9	4	3	15	60
Húsasmíði og viðbótarnám	2		1	1				1		5
Málabraut	1									1
Meistaraskóli	3	3				1	1			5
Náttúrufræðibraut	20	8	22	5	18	3	16	2	13	107
Opin stúdentsbr.	7	11	11	8	7	14	10	14	14	96
Rafvirkjun	1	10		6	1	7	1	13	2	41
Rafvirkjun og viðbótarnám		2		1		3		2		8
Sjúkraliðabraut	1			16	7		1			25
Vélvirkjun	5	4	13	4	7		6	3	4	46
Vélvirkjun og viðbótarnám			1							1
Viðbótarnám til stúdentsprófs	4	3	12	1	4	6	3	2	5	40
Samtals	62	48	71	62	63	49	51	43	61	510

Starfsfólk

Í stefnumiðaðri áætlun FVA og ríkisins til þriggja ára frá desember 2021 kemur fram að stjórnendateymi skólans skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri allir í 100% starfi auk þess mannauðs- og gæðastjóri sem er í 75% starfshlutfalli. Í stjórnendateyminu eru eingöngu konur, á aldrinum 42-69 ára. Námsráðgjafar eru tveir, annar í 100% starfshlutfalli en hinn í 30% á vorönn 2022. Að auki starfar í skólanum geðhjúkrunarfræðingur í 50% starfshlutfalli. Skólinn er með útvistun á tölvuþjónustu og voru öll gögn færð yfir á ský árið 2020. Fjöldi starfsmanna á vorönn 2021 taldi 48 kennara í 41 stöðugildi, einn í námsleyfi. Þar af fimm í réttindanámi, einn réttindalaus. Almenn starfsfólk eru 20 sem sinna 15,6 stöðugildum. Fjöldi starfsmanna á haustönn 2021 taldi 50 kennara í 42,5 stöðugildum og 20 almennt starfsfólk. Þar af fimm í réttindanámi og fjórir réttindalausir. Almenn starfsfólk er 20 sem sinna störfum í 16,51 stöðugildi.

Í töflu níu koma fram upplýsingar um starfsheiti, fjölda og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni haustið 2022. Ljóst er að örlitlar breytingar hafa átt sér stað frá árinu 2021 þar sem

verkefnastjóri gæða- og mannauðsmála er kominn í 100% starf og námsráðgjöf hefur verið aukin í eitt og hálf stöðugildi.

Tafla 9.

Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni að hausti 2022

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari			1	1
Aðstoðarskólameistari			1	1
Áfangastjóri			1	1
Fjármálastjóri			1	1
Skrifstofa			1	1
Framhaldsskólakennari/-ar	18	17,07	21	18,87
Leiðbeinandi	5	4,06	1	0,5
Bókasafn/upplýsingaver			1	0,9
Náms- og starfsráðgjafi			2	1,5
Umsjónamaður fasteigna	1			1
Verkefnastjóri Gæða- og mannauðsmála			1	1
Heimsavistarstjóri			1	1
Matráður			1	1
Skólahjúkrunarfræðingur			1	0,5
Mötuneyti, aðstoð			2	1,12
Ræsting	1	0,5	2	1
Stuðningsfulltrúi	1	1	1	1
Samtals	26	23,63	39	33,14

Flestir kennarar Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi hafa lokið námi til kennsluréttinda í sínu fagi, einn hefur lokið doktorsnámi auk kennsluréttinda, 17 hafa meistaraþróf auk kennsluréttinda, 11 hafa BA/BS þróf auk kennsluréttinda og 10 hafa lokið annarri menntun auk kennsluréttinda eins og sjá má í töflu 10. Þrír kennarar hafa lokið háskólaprófi án kennsluréttinda og þrír hafa aðra menntun án kennsluréttinda.

Tafla 10.

Menntun kennara haust 2021

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	1
PhD án kennsluréttinda	-
MA/MS/M.Ed. þróf auk kennsluréttinda	17
BA/BS þróf auk kennsluréttinda	11
Háskólapróf án kennsluréttinda	3
Önnur menntun auk kennsluréttinda	10
Önnur menntun án kennsluréttinda	3

Einn kennari hefur lengri starfsaldur en 30 ár og 23 kennarar hafa starfsaldur skemmri en fimm ár. 12 kennarar hafa starfsaldur á bilinu 5 til 10 ár eins og fram kemur í töflu 11. Af þessu má ráða að mikil endurnýjun hefur átt sér stað í kennarahópnum á síðustu fimm árum þar sem rúmur helmingur kennara hefur styttri starfsaldur en 5 ár og 80% kennarar styttri starfsaldur en 10 ár.

Tafla 11.

Starfsaldur kennarar haustið 2022

Starfsaldur (ár)	Fjöldi
<5	23
5 - 10	12
10 - 15	2
15 - 20	1
20 - 25	1
25 - 30	5
30 - 35	1
Alls	45

Í töflu 12 kemur fram meðalnámstími í önnum. Viðmiðunarnámstími til stúdentsprófs er sex annir. Nemendur á náttúrufræðibraut útskrifast að meðaltali á sex önnum, nemendur á félagsfræðabraut útskrifast á 6,4 önnum og nemendur á opinni stúdentsbraut útskrifast á 6,6 önnum. Nemendur í húsasmíði útskrifast að meðaltali eftir 5 annir en áætlaður námstími í skóla í húsasmíðanámi er 5 annir. Nemendur í dreifnámi virðast ljúka námi á lengri tíma, þar sem þeir taka færri einingar á önn sem gæti stafað af því að þeir sinna náminu með vinnu og jafnvel reksturs fjölskyldu.

Tafla 12. Námstími nemenda við brautskráningu vorið 2022

Braut	Fjöldi nemenda	Meðal námstími í önnum
Félagsfræðabr.	8	6,4
Húsasmíð	15	5
Náttúrufræðabr.	13	6
Opin stúdentsbr.	14	6,6
Rafvirkjun	2	10*
Starfsbraut	3	8
Vélvirkjun	4	11,5**
Viðbótarnám til stúdentsprófs	5	1,5

*Annar nemandinn tók námið á löngum tíma og hinn viðbótarnám eftir vélstjórn.

**Nemendur í dreifnámi sem tóku fáar einingar á önn.

Tafla 13 sýnir starfmannaveltu í Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi frá árinu 2018 til 2022. Starfsfólk sem lætur af störfum á þessu tímabili er 24 og þar af 14 á árunum 2021 og 2022. Átján af þeim sem hætta hverfa til annarra starfa, 6 fara á eftirlaun.

Tafla 13. Starfsmannavelta

Ár	Hlutfall	Hættir (fjöldi)	Fara á eftirlaun	Fara til annarra starfa
2018	5,5%	3		3
2019	7,41%	4		4
2020	5,66%	3	2	1
2021	10,91%	6		6
2022	16,67%	8	4	4

Í töflu 14 kemur fram meðalstærð námshópa vorið 2022 og haustið 2022. Námshópar eru ívið stærri á haustönn en á vorönn.

Tafla 14. Meðalstærð námshópa vor 2022 og haust 2022

	Vor 2022	Haust 2022
Bóknám	17,6	20,4
Iðnám	10,4	10,6
Dreifnám	13,5	16,9
Starfsbraut	5,8	5,5

Samkvæmt skóladagatali Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, þá er fjöldi skóladaga 180 og starfsdagar aðliggjandi skólaári fjórir. Skólaárið 2022 til 2023 miðaðist við 16. ágúst 2022 til 25. maí 2023.

Viðmið og vísbendingar

Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsfólk, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. Með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í viðum skilningi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.	M	S		
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.	SM			
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.	SM			
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	M	S		
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	SM			

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsfólk og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsfólk til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstill sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	SM			
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	SM	S		
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	M	S		
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		M	S	
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsfólks.	SM			

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	S	M		
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	SM	S		
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.		SM		

1.4 Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.		SM		
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	SM			
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.		S	M	
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	SM			
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.		SM		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	SM	S		

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	S	M		
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	SM			
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	SM			
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.	SM			
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.	S	SM		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	S	SM		
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	M	S		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.	SM			

2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tók eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	M	S		
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	SM			

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	SM			
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	SM			
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.	S	M		

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.	SM			
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	SM			
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.	SM			
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.	SM			

2.5 Um námsgögn

Námshöfnun hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námshöfnun, kennsluáferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námshöfnun skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námshöfnun eru notuð í kennslu.	SM	S		
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námshöfnunum.	SM			
40. Skólinn notar rafræn námshöfnun og hjálpartæki með markvissum hætti.		SM		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námshöfnunum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.	M	S		
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námshöfnunum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.		SM		
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	M	S		

Páttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1 Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	SM	S		
45. Nemendum líður vel í skólanum.	M	S		
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	SM			

3.2 Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýnn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	SM			
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.	SM			
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.	M	S	S	

3.3 Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugum félagsstarfi fyrir nemendur.		SM		
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	SM			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	SM			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.		SM		

3.4 Um samskipti við forsjáraðila

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann.

Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.	S	M		
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.	SM			
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.			M	

3.5 Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólalæðingum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er ferskt þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.		S	M	
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.		S	M	
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.		S	M	

Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísbindingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.		M	S	
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	SM			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.		SM		
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.	M	S		
64. Stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.		SM	S	
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.	M	S		
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.		M	S	

Páttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólstarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólstarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1 Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.		SM		
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.	SM			
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.	S	M		

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.		SM		
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.		SM		
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	M	S		
73. Nemendur hafa skilning á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	SM	S		
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.	SM	S		
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.	SM	S		

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.	SM			
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.	S	M		
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	S	M		

Viðaukar – Greinargerð matsmanna

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsaðila fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundvallar við ytra mat á Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi á haustönn 2022. Jafnframt eru dregin saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólasterfið í hverjum þætti svo og tækifæri til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í upphafi umfjöllunar.

Umfjöllun um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsfólk, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverjum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Stefnumótun

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi (FVA) starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 með áorðnum breytingum frá árinu 2012 og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Fjölbrautaskóli Vesturlands var stofnaður árið 1977 undir heitinu Fjölbrautaskólinn á Akranesi og markaði það tímamót í skólamáli á Vesturlandi. Tíu árum síðar var nafninu breytt í núverandi nafn með aðkomu sveitarfélaganna á Vesturlandi sem upphaflega voru 32 en voru samkvæmt síðasta samningi árið 2011 orðin sex. Þar kemur annars vegar til sameining sveitarfélaga og hins vegar fjölgun framhaldsskóla á svæðinu. Skólinn hefur frá upphafi unnið að virkri tengingu bók- og verknáms sem þjónar nemendum úr nágrennasveitarfélögum á Vesturlandi. Sérstaða og áherslur skólans frá árinu 2020 felast í lýðræðislegum stjórnunar- og kennsluháttum, sterkum tengslum við atvinnulíf og íþróttir á svæðinu, persónulegri þjónustu, notalegu andrúmslofti og fjölbreyttu námsframboði. Gildi skólans eru JAFNRÉTTI – VIRÐING – FJÖLBREYTTILEIKI en haldinn var lýðræðisfundur í febrúar 2020 þar sem unnið var með gildi skólans. Sérstök áhersla hefur verið síðustu misseri á að kynna gildi skólans og gera þau sýnileg innan hans og á gögnum FVA.

Stefna og markmið skólans eru sett fram í skólanámskrá og birt á heimasíðu skólans. Skólanámskrá FVA byggir á aðalnámskrá frá 2011 með breytingum frá 2015 og framhaldsskólalögum nr. 92 frá 2008. Skólanámskrá er endurskoðuð reglulega með það að markmiði að tryggja ávallt gæði menntunar, í samræmi við aðalnámskrá og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en skólinn leggur aukna áherslu á þau í stefnumótun sinni. Ný skólanámskrá (17. útg.) tók gildi 15. júní 2022 þar sem átt hefur sér stað endurskoðun á stefnu skólans frá fyrri námskrá frá árinu 2019. Stofnaður var vinnuhópur kennara um námskrána og nemendur komu að þáttum eins og skólasóknarreglum og námsmati og tóku þátt í þjóðfundi um gildi skólans. Þá var skólanámskrá yfirfarin og staðfest af skólanefnd samkvæmt staðfestingu fráfarandi formanns nefndarinnar.

Stefna Fjölbrautaskóla Vesturlands er nú að bjóða jafnan fjölbreyttar námsleiðir fyrir ungmenni á öllu Vesturlandi í rótgrónum og framsæknum skóla sem starfar í anda lýðræðislegra kennslu- og

stjórnunarháttá. FVA leggur áherslu á jafnrétti, virðingu og fjölbreytileika í allri starfsemi sinni með hag nemenda og starfsfólks að leiðarljósi.

Markmið skólans er að veita öllum nemendum menntun sem felur í sér sjálfstæða og gagnrýna hugsun, lýðræði og umburðarlyndi og stuðla að heilbrigðum og sjálfbærum lífsháttum. Í skólanum er leitast við að efla alhliða þroska allra nemenda og búa þá undir virka þátttöku í fjölbreyttu nútímasamfélagi, bæði við störf og áframhaldandi nám.

Markmið, aðgerðir og mælikvarðar hverju sinni er að finna í stefnumiðaðri áætlun FVA sem sett er til þriggja ára í senn, í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Stefnuskjalið var staðfest af ráðuneyti 28. desember 2021 og nær yfir árin 2022-2024. Skjalið er aðgengilegt á vef skólans. Um er að ræða þrjú markmið sem ná til kjarnastarfsemi (A) og önnur þrjú er lúta að rekstrarþáttur (B), þau eru:

A1. Að styðja við nemendur með annað móðurmál en íslensku

Stærstu aðgerðir eru að skilgreina námsefni og endurskoða kennsluhætti í ÍSAN. Þjóða innritunarviðtöl og foreldrafundi með túlk. Gera móttökuáætlun og stefna að bættur námsárangri.

A2. Að styðja sérstaklega við nemendur sem innritast með D á samræmdu grunnskólaprófi

Stærstu aðgerðir eru endurskoðun námskrár á FRH og formleg brautskráning. Bæta verkefnastjórn, gera áhugasviðskönnun, innritunarviðtöl og utanumhald með skólasókn. Efla Verið og jafningjafræðslu í stærðfræði og íslensku.

A3. Að auka fjölbreytni í námsframboði og hlutdeild skapandi greina

Stærstu aðgerðir eru að kynna lista- og nýsköpunarsvið fyrir nærsamfélaginu. Þjóða upp á skapandi valáfanga og bæta aðstöðu fyrir skapandi nám.

B1. Að efla mannauð og ímynd FVA

Stærstu aðgerðir eru að hlúa að starfsfólki, m.a. með bættum aðbúnaði. Styðja við heilsurækt og heilbriggt félagslíf. Innleiða lýðræðislega kennslu- og stjórnunarhætti og endurskoða stofnanasamninga FVA.

B2. Bæta stafræna þjónustu og gagnavörslu

Stærstu aðgerðir eru skipulögð GoPro og Office365 fræðsla fyrir stjórnendur og starfsfólk. Rafræn undirskrift á búsetu- og húsaleigusamningum. Innleiða Microsoft/Pólstjórnuna til að hagræða og bæta netöryggi.

B3. Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum

Stærstu aðgerðir eru að viðhalda Grænfána. Klára Grænu skrefin og grænt bókhald. Kolefnisjafna, gróðursetja tré með útskriftarefnum.

Skólinn vinnur markvisst að framgangi þessara markmiða í samræmi við stefnumiðaða áætlun skólans þó Covid hafi vissulega haft áhrif. Allnokkrum aðgerðum er þegar lokið og í ársskýrslu skólans má sjá stöðu einstakra aðgerða. Auk ofangreindra markmiða setur skólinn sér árlega markmið um helstu verkefni sem unnið skal að næsta skólaár og eru þau birt í sjálfsmatsskýrslu skólans og í ársskýrslu skólans má sjá stöðu þeirra.

Sem dæmi voru markmið og aðgerðir FVA skólaárið 2021-2022;

- Vinna áfram að því að styrkja lýðræðisleg vinnubrögð með þátttöku starfsfólks og nemenda.
- Halda áfram að vinna markvisst að heilsuefningu nemenda og starfsfólks með stuðningi heilsuefningarteymisins.

- Vinna áfram að því að efla mannauðinn, styðja við endurmenntun starfsfólks og skora hærra í Stofnun ársins.
- Bæta aðbúnað starfsfólks og skólaumhverfið.
- Vinna áfram með niðurstöður lýðræðisfundar frá vorönn 2021.
- Vinna markvisst með niðurstöður kannana til að greina umbætur, skilgreina þær og hrinda í framkvæmd.
- Græn skref: Halda áfram markvissri innleiðingu og markmið sett um að ljúka henni á tilteknum tíma.
- Umhverfismál: Móta stefnu, markmið og viðmið fyrir árangur.
- Loftslagsstefna: Móta stefnu, markmið og viðmið fyrir árangur.
- Taka áhugasviðsviðtöl á framhaldsskólabraut og gera stöðumat hjá nemendum með annað móðurmál en íslensku (ÍSAN áfanginn).
- Koma á sálfræðipjónustu fyrir nemendur.
- Umsjón felld inn í lífsleikniáfanga; hvetja til teymisvinnu kennara, leita leiða til að virkja nemendur til þátttöku og bæta enn frekar utanumhald um nemendur.
- Endurskoðun námskrár FVA, þ.e. brautarlýsinga áfanga- og almenns hluta.
- Nýliðamóttaka, þjálfun og eftirfylgd fest í sessi.

Af þessu má sjá að samhljómur er í árlegri markmiðssetningu skólans og markmiðum í stefnumiðaðri áætlun skólans og ráðuneytis. Niðurstöður markmiða ársins eru birtar í sjálfsmatskýrslu ári síðar.

Á heimasíðu skólans má finna stefnur og áætlanir einstakra málaflokka en sett hafa verið stefnuskjöl, markmið og áætlanir sem ná yfir ýmsa þætti skólastarfsins.

FVA setti sér loftslagsstefnu á haustönn 2021 með markmiðum og aðgerðaráætlun í loftslagsmálum sem tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Yfirmarkmið stefnunnar er að FVA dragi úr losun gróðurhúsategunda um 40% fram til ársins 2030 og aðgerðaráætlunin til ársins 2024 leggur áherslu á samgöngur, orkunotkun og úrgang. Þá tekur skólinn þátt í alþjóðaverkefninu „Skólar á grænni grein“ og flaggaði grænfánanum fyrst í apríl 2019. Einnig hefur FVA lokið fjórum skrefum í verkefni Umhverfisstofnunar „Græn skref í ríkisrekstri“. Þá tók skólinn þátt í alþjóðlegum flokkunardegum í mars 2021. Samhliða nýrri loftslagsstefnu setti skólinn sér samgöngustefnu sem hvetur til umhverfisvænna samgangna og fjarfunda. Í því samhengi var gerður samgöngusamningur við starfsfólk og nemendur en það felur í sér loforð um að koma til vinnu á sem umhverfisvænstan hátt. Þá hefur skólinn sett upp fjórar hleðslustöðvar fyrir rafbíla svo nokkuð sé nefnt.

Jafnrétti er eitt af gildum skólans og hefur FVA sett sér jafnréttisstefnu í níu liðum sem byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ásamt skólameistara sitja þrjú starfsmenn í jafnréttisráði auk jafnréttisfulltrúa sem skipaður er af skólameistara til þriggja ára í senn. Jafnréttisáætlun fylgir stefnunni og er hún uppfærð á þriggja ára fresti. Núverandi áætlun gildi til ársins 2023. Jafnréttisáætlunin er í fjórum hlutum þ.e. 1) Launajafnrétti, 2) Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun, 3) Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs, 4) Kynbundið ofbeldi, kynbundið og kynferðislegt áreiti. Sett eru markmið, aðgerðir, ábyrgðaraðilar og tímarammi fyrir hvern hluta og í sérstakri skýrslu jafnréttisráðs sem birt er á heimasíðu skólans, fyrir árin 2020 og 2021, er gerð grein fyrir stöðu aðgerða. Í skýrslunum eru birtir jafnréttisvísar skólans og athygli vekur að í stjórnendateymi FVA er allt skipað konum (5) og að karlmenn eru í töluverðum meirihluta nemenda skólans. Skýrsla var send Jafnréttisstofu á fyrri hluta árs 2021 sem mat í kjölfarið að flest markmið skólans væru komin í höfn eða væru í farvegi. Skólinn

hefur einnig sett sér stefnu gegn einelti, áreitni og öðru ofbeldi en meginmarkmið hennar er að ekkert slíkt sé liðið innan skólans. Stefnan var uppfærð árið 2021 og er á grundvelli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Stefnan inniheldur verklýsingar annars vegar fyrir starfsfólk og hins vegar nemendur og stefnunni fylgir forvarnaráætlun. Í forvarnaráætlun eru skilgreind markmið, aðgerðir, ábyrgðaraðili og tímarammi. Árlega er 8. nóvember helgaður baráttunni gegn einelti og ábendingahnappur er á forsiðu á vef skólans.

Jafnlaunastefna er órjúfanlegur hluti af launastefnu FVA en í mars 2020 fékk skólinn jafnlaunavottun skv. kröfum staðsins ÍST85:2012 og hefur síðan þá farið í tvær viðhaldsvottanir. Launamunur kynjanna fyrir dagvinnulaun var að konur voru 2,41% hærri en karlar voru 8,81% hærri er skoðuð voru heildarlaun. Allur launamunur er útskýrður. Niðurstaða úttektarstjóra er að jafnlaunakerfi FVA uppfyllir kröfur staðsins.

Mannauðsstefna FVA sem samþykkt var árið 2021 byggir á gildum skólans auk laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, kjarasamningum og starfslýsingum skólans. Þá tekur hún mið af ákvæðum vinnuverndarlaga nr. 46/1980, reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015, jafnréttislaga nr. 10/2008 og jafnlaunastefnu FVA. Í mannauðsstefnunni er fjallað um ráðningar og móttöku nýs starfsfólks, starfskjör, heilsu og líðan, samskipti, samvinnu og liðsheild, áskorun og vöxt í starfi, endurgjöf og hvatningu og starfslok. Þá hafa verið í vinnslu hjá skólanum gátlistar fyrir skólastarf með mannréttindi að leiðarljósi til að auka vitund um gildi fjölbreytileikans og önnur grundvallarmannréttindi.

Persónuverndarstefna FVA er í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem gildi tóku 15. júlí 2018. Markmið stefnunnar er að sjá hvaða upplýsingum skólinn safnar um einstaklinga, í hvaða tilgangi og hvað gert er við þær. Einnig er lýst rétti einstaklings varðandi persónuupplýsingar. Starfandi er persónuverndarfulltrúi við skólann sem jafnframt er verkefnastjóri mannauðsmála. Þá setti skólinn sér skjalastefnu árið 2020 sbr. lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og hefur gert vinnslusamning um notkun á GoPro í FVA um rafræna skjalavistun. Einnig upplýsingaöryggisstefnu sem er í samræmi við reglur Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Báðar þessar stefnur eru nátengdar stefnu um persónuvernd. Auk þessa hefur FVA sett sér ýmsar reglur um rafrænt öryggi svo sem reglur um ábyrgð á tölvupósti, reglur um tölvunotkun starfsfólks, reglur um tölvunotkun nemenda, reglur um öryggismyndavélar o.fl.

FVA er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli frá árinu 2011 skv. viðmiðum Landlæknisembættis og Heilsueflandi vinnustaður frá 2022. Markmið heilsu- og forvarnarstefnunnar FVA er að stuðla að meðvitund nemenda og starfsfólks um samhengið á milli hollrar næringar, hreyfingar, geðræktar, vellíðunar, góðra svefnvenja, náms, starfs og daglegs lífs og hvetja alla til að taka ábyrgð á eigin heilsu. Heilsueflingarteymi vinnur að markmiðum verkefnisins og árlega er Heilsuvika á haustönn, nú síðast dagana 26.-30. september 2022, en þá eru í boði fyrirlestrar og heilsueflandi viðburðir. Þá stóð teymið fyrir hreyfiverkefninu „Göngum til góðs – til TENE“ en verkefnið stóð í mánuð á síðasta ári og var hjólað eða synt sem nemur vegalengdinni frá Akranesi til Tenerife og aftur heim, eða rúmlega 8000 km. Skólinn tók þátt í verkefninum Hjólað í vinnuna og Lífshlaupinu eins og undanfarin ár og boðið er upp á heitan hafragraut í mötuneytinu alla morgna án endurgjalds. Grænkerafæði er orðinn valkostur í mötuneyti og

vikulega er boðið er upp á slökun og núvitund svo nokkuð sé nefnt. Nú á haustdögum 2022 markaði FVA sér nýja stefnu um öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi en stefnan beinist að því að koma í veg fyrir heilsutjón og stuðla að umbótum þegar þess er þörf. Starfsmenntaskólar landsins stóðu fyrir vinnuverndarviku 20.-24. janúar 2020 en tilgangur vikunnar var að vekja sérstaka athygli á vinnuverndar- og öryggismálum. Skólameistari er ábyrgur fyrir því að vinnuumhverfi skólans sé öruggt og heilsusamlegt fyrir alla nemendur og starfsfólk en öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir eru honum til aðstoðar í starfandi öryggisnefnd. Áfallaáætlun er aðgengileg í skólanámskrá og skólameistari skipar fólk í áfallateymi. Þá liggur fyrir viðbragðsáætlun við ógnun, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum o.fl. auk þess rýmingaráætlun sem á að tryggja að rýming fari fram á skólanum með skipulögðum og öruggum hætti ef vá ber að höndum.


Á haustönn 2021 var samþykkt innkaupastefna og innkaupareglur fyrir FVA sem gilda fyrir öll innkaup skólans. Tilgangur innkaupastefnunnar er að stuðla að hagkvæmni í rekstri við kaup á vörum og þjónustu, tryggja góða og viðurkennda viðskiptahætti og vera í samræmi við umhverfisstefnu skólans. Umsjónarmaður húsnæðis er jafnframt innkaupastjóri skólans. Þá hefur skólinn sett sér alþjóðastefnu, sjá umfjöllun í kafla 3 og gæðastefnu sjá síðar í þessum kafla um innra mat. Loks ber að nefna að unnið er að heildstæðri stefnu um nám- og kennslu/menntastefnu sem tengir saman stefnu skólans, stefnu yfirvalda og styður við heimsmarkmið SP nr. 17 um aukin gæði menntunar í framhaldsskólum.

Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólustefnu. Stefnur skólans bera vitni um metnað og vilja til árangurs. Að tryggja að stefnur birtist í daglegu starfi getur verið flókið en með markvissum aðgerðum, verkefnastjórum, nefndum/ráðum og teyimum hefur vel tekist til við að halda utanum einstaka stefnumið og tryggja að unnið sé eftir stefnunum í daglegu skólastarfi. Það kom fram í máli skólameistara að mikill vilji væri til þess að fylgja eftir öllum stefnum skólans þó þyrfti að vinna reglulega með stefnurnar og fá starfsfólk og nemendur til að þekkja stefnurnar betur og samsama sig við þær. Gildi skólans eru mjög sýnileg í starfi hans og á veggjum skólans og áhersla hefur verið á að kynna þau ásamt merki skólans. Þá væru grunnþættir menntunar orðnir undirliggjandi og samofnir inn í allt starf skólans, jafnt í stefnumótun sem og áfangalýsingum. Þá kom fram hjá skólameistara að í undirbúningi væri stefnumótun fyrir skólann um sýn hans til næstu 10 ára „hvernig skóli viljum við vera innan 10 ára“ en þar verður m.a. horft til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og þess að tengja saman allar stefnur FVA.

Stjórnskipan og stjórnendur

Skipurit FVA skýrir myndrænt uppbyggingu og tengsl þeirra sem starfa innan skólans og tengjast skólanum utan hans. Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi er rekinn undir yfirstjórn menntamálaráðherra.

Mynd 1 - skipurit



Samkvæmt skipuriti eru tveir í yfirstjórn skólans þ.e. skólameistari og aðstoðarskólameistari en í hópi stjórnenda eru jafnframt áfangastjóri, fjármálastjóri og gæðastjóri/verkefnastjóri mannauðsmála. Skipurit skólans er nýlega uppfært og lýsir það vel stjórnkerfi skólans en athygli vekur að kennarar eru ekki hluti af skipuriti.

Skólameistari Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi skólans. Honum ber að framfylgja lögum og reglugerðum, sem um skólann gilda, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningum á hverjum tíma og stýra starfi hans í samræmi við erindisbréf

og stefnumiðaða áætlun til þriggja ára milli skólans og ráðuneytis. Skólameistari hefur yfirumsjón með starfsemi skólans, húsum hans og rekstri. Hann ber ábyrgð á að öll starfsemi sé í samræmi við aðalnámskrá og að fylgt sé árlegri fjárhagsáætlun skólans. Við stjórnun FVA er lögð áhersla á lýðræðislega stjórnunarhætti, þar sem kappkostað er að veita starfsmönnum og nemendum virka hlutdeild í stjórnun skólans og ákvörðunum. Til marks um það var haldinn lýðræðisfundur 11. mars 2021 þar sem nemendur og starfsfólk ræddu umbætur í skólastarfinu og hvar tækifærin liggja. Í sjálfsmatsferli skólans kom fram að skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki og traust ríkir til skólameistara. Fram kom hjá viðmælendum að umtalsverð jákvæð breyting hafi orðið á stjórnun skólans með nýjum skólameistara sem kom til starfa í janúar 2020. Því væri ekki að leyna að fyrir þann tíma hafði um nokkurra ára skeið verið mikil ólga í skólanum. Það hefðu verið ákveðin vonbrigði að ráðuneytið hefði ekki stigið fastar inn í það mál og enn væri starfsfólk sem ekki væri fyllilega búnið að jafna sig á því sem á gekk. Samskipti við nýjan skólameistara væru almennt góð og alveg til fyrirmyndar að mati sumra. Fram kom að skólameistari væri drífandi og gæfi sér góðan tíma til að hlusta og ræða við starfsfólk og nemendur. Aðgengi að skólameistara og stjórnendum skólans væri gott og gott væri að leita til þeirra. Fagleg forysta er metnaðarfull og leggur áherslu á að skólinn leiði til góðs í samfélaginu. Fram kom hjá nemendum að gott væri að leita til skólameistara þó ekki væri fastir fundir, þá kæmi skólameistari til þeirra og fylgdist með því sem í gangi væri. Í máli skólameistara kom fram að áhersla hefði verið á að skapa traust og koma mannauðsmálum í betra horf. Mikilvægt væri að treysta starfsfólkinu til að vinna sína vinnu en vera tilbúin að aðstoða ef þörf er á. Kappkostað væri að hafa gott upplýsingaflæði, bæði innan skólans og út á við og hafa samráð og samvinnu um helstu mál. Vikulega sendir skólameistari út vikupóstinn „Skruddan“ til að miðla upplýsingum um það sem er á döfinni innan skólans. Skruddan er einnig vistuð á heimasíðu skólans og opin öllum en einnig er hægt að skrá sig á póstlistann.

Stjórnendateymið í FVA er skipað skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fjármálastjóra og verkefnisstjóra gæða- og mannauðsmála og fundar það einu sinni í viku um innri málefni skólans og þau verkefni sem í gangi eru hverju sinni. Verkaskipting milli stjórnenda er mjög skýr og samtal er mikið innan stjórnendateymisins. Samvinnan gengur mjög vel, er heiðarleg og opin þar sem allir ganga í takt að sama markmiði. Í máli allra sem sitja í stjórnendateymi kom fram að þeim líði vel í þessu samstarfi og nýjum skólameistara fylgi meiri léttleiki og að málin gangi betur fyrir sig. Þá voru aðstoðarstjórnendur sammála um að mikil breyting til batnaðar hafi átt sér stað með ráðningu nýs skólameistara.

Í könnun SFR – stofnun ársins 2020 kemur fram að heildarniðurstaða samantektar um stjórnun FVA í könnuninni er 4,24 sem er vel yfir öllum ríkisstofnunum í könnuninni (4,09). Í sömu könnun fyrir árið 2021 hafði heildarniðurstaða samantektar um stjórnun í FVA hækkað í 4,31 sem er aftur vel yfir meðaltali stjórnunar allra ríkisstofnana í könnuninni (4,09). Hér hafa átt sér stað jákvæðar breytingar frá árunum 2018 og 2019 þar sem stjórnun í FVA í sömu könnun 2018 er 3,27 og árið 2019 3,12.

Þessi niðurstaða er í fullum samhljómi við þær upplýsingar sem matsaðilar fengu í viðtölum við starfsfólk og stjórnendur FVA og eru afar jákvæðar og ánægjulegar.

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum við daglega stjórn skólans og rekstur. Skv. starfslýsingu eru hans helstu verkefni að hafa umsjón með námskrárgerð, innritun, kennsluskiptingu, stundatöflugerð, vinnumati, vinnuskýrslum, húsnæði, búnaði, gæðastarfi, agamálum,

útskrift og félagslífi nemenda. Það kom fram í máli aðstoðarskólameistara að samstaf innan forystunnar væri fínt, verkaskipting góð og að stjórnendur „bakki hvern annan upp“ þegar á þarf að halda. Þá gangi samskipti við kennara og starfsfólk vel. Aðstoðarskólameistari lagði áhersla á að skólinn væri persónulegur, reynt væri að halda vel utanum nemendur og skv. Skólapúlsinum virðist nemendum líða ágætlega. Mikill vilji væri til að fylgjast með nýjungum í skólastarfi og uppfæra eftir getu og óskum. Það væri hluti af lýðræðislegum stjórnunarháttum að nemendur „eigi“ þátt í sköpun námsins. Aðstoðarskólameistari nefndi að styttingu stúdentsprófs hefði fylgt ákveðin togstreita og erfitt væri að halda úti kennslu í efstu áföngum s.s. í stærðfræði vegna nemendafæðar. Þá hefði nemendum fækkað á náttúrufræðibraut og þróunin væri að þeir sækja frekar opna námsbraut. Einnig væri það menning innan skólans að nemendur í iðnnámi taki stúdentspróf samhliða iðnnámi. Þá nefndi aðstoðarskólameistari að skólinn hefur ekki sitt íþróttahús og kennir íþróttir á tveimur stöðum í bænum og Fablabið væri í töluverðri fjarlægð frá skólanum, þá mættu samskipti við fasteignir ríkisins ganga betur. Loks kom það fram í máli aðstoðarskólameistara að skólinn væri í óða önn að ná virðingunni gagnvart nemendum og skólasamfélaginu með tilkomu skipunar á nýjum skólameistara og breyttra vinnubragða innan skólans.

Áfangastjóri heldur utan um rekstur áfangakerfis og skráningu upplýsinga um nemendur, mat á námi, námsframboði, fjarvistarskráningu, námsval, stundaskrá, prófstjórn, skiptingu í umsjónarhópa o.fl. Þá sinnti áfangastjóri starfi ritstjóra skólanámskrár sem nýlega hefur verið endurnýjuð en áfangastjóri lagði áherslu á að skólanámskráin væri lifandi skjal og í stöðugri endurskoðun. Fram kom hjá áfangastjóra að sérstaða skólans fæli í sér fjölbreytt nám og mikið framboð áfanga en boðið væri upp á myndlist, leiklist, yoga og sjálfsrækt sem dæmi og stór hópur nemenda væri á afreksíþróttasviði en þar væru sjö mismunandi greinar í boði. Nánast allir úr nærumhverfi sæktu nám í skólann, nokkuð væri um eldri nemendur og mikil aðsókn væri í dreifnámið. Þá nefndi áfangastjóri að 10. bekkur væri til húsa hjá FVA um óákveðinn tíma og mikið líf og fjör fylgdi þeim. Áfangastjóri taldi gott samstarf og jákvætt andrúmsloft í skólanum þó enn sé nokkur doði hjá nemendum í félagslífinu eftir Covid. Áfangastjóri taldi brýnt verkefni framundan að skoða samsetningu og gæði náms eftir styttinguna með tilliti til háskólanáms og einnig væri brýnt að ráða inn sálfræðing til að aðstoða við heilsutengda vinnu innan skólans.

Fjármálastjóri heldur utan um fjármál skólans, gerir fjárhagsáætlanir og rekstraráætlanir, hefur eftirlit með innkaupum, færir bókhald og launagögn starfsmanna, innheimtir skólagjöld, kostnaðarmetur ný verkefni og hefur yfirumsjón með fjárreiðum nemendafélags en prókúran hefur verið færð á félagslífsfulltrúa. Fjármálastjóri fundar vikulega með stjórnendateymi en hann situr einnig í samstarfsnefnd og öryggisráði. Að mati fjármálastjóra gengur samstarfið í stjórnendateyminu virkilega vel, málin eru rædd, það er hlustað og ákvarðanir teknar út frá því. Fram kom hjá fjármálastjóra að nokkur fjöldi reikninga væru sendir út mánaðarlega þar sem við skólann er heimavist og dreifnám auk bók- og verknáms. Vinna við jafnlaunavottun og grænt bókhald hefur verið nokkur síðustu misseri og skólinn tekur nú þátt í þremur erlendum samstarfsverkefnum. Fjölpætt innkaup eru fyrir skóla eins og FVA og beiðnir koma frá deildarstjórum til úrvinnslu. Búið er að gera tvo stofnasamninga og vonast er til að ná lengra í þeim málum.

Við FVA starfa 9 deildarstjórar, 5 karlar og 4 konur sem halda utan um eftirfarandi verkefni/námssgreinar: Starfsbraut, málmiðngreinar, tréiðngreinar, rafiðngreinar, erlend tungumál, íslensku, stærðfræði/

tölvugreinar/viðskiptagreinar, raungreinar/heilbrigðisgreinar/íþróttir, samfélagsgreinar/saga/lífsleikni. Þeirra helstu verkefni eru umsjón með faglegu samráði í sinni grein, boða til funda, veita stjórnendum upplýsingar og vera þeim til samráðs vegna kennslu og ráðningar kennara, sitja deildarstjórafundu og miðla upplýsingum áfram, samþykkja kennsluáætlanir og annast aðfangakaup. Deildarstjórar eru ráðnir til tveggja ára í senn og starfinu fylgir launaflokkur. Deildarstjórar hafa ekki sérstaka vinnuáðstöðu en notast er við fundarherbergi eða kennslustofur skólans til funda en að öllu jöfnu er formlegur fundur einni sinni í mánuði og að öðrum kosti eftir þörfum. Samskipti við stjórnendur eru að mati deildarstjóra mjög góð og stjórnendur leggja sig fram við að fylgjast með því sem er í gangi hverju sinni. Aðgengi að stjórnendum er mjög gott og samstarf innan deilda er einnig gott. Deildarstjórar komu að vinnu við nýja skólanámskrá með áfangalýsingar, brautarlýsingar og samsetningu brauta en mismunandi var eftir námsbrautum hvað mikið þurfi að endurskoða. Þar má nefna dreifnám fyrir sjúkraliða og breytt námsmat, styttingu náms í rafiðn og betri tengingu þess við stúdentspróf, nýr áfangi utanum erlent samstarf o.fl. Þá kom fram hjá deildarstjórum að í farvatninu væri að skoða spanarkerfi fyrir skólann. Einnig kom fram að skólinn hvetji nú kennara til að sækja námskeið og var Menntafléttan sérstaklega nefnd í því samhengi. Að mati deildarstjóra hefur andinn í skólanum lagast mikið með tilkomu nýs skólameistara. Jákvæð breyting hefur orðið innan kennarahópsins, hann er þéttari og unnið hefur verið í því að þjappa hópnum og mötuneytið er gott. Almenn virðist nemendum líða vel í skólanum og heilt yfir koma í skólann áhugasamir nemendur sem eru til fyrirmyndar að sögn deildarstjóra. Þó vissulega komi upp bæði agavandamál og ofbeldismál í einstaka hópnum og á heimavist, en á þeim er tekið af festu.

Skólanefnd

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skipar mennta- og barnamálaráðherra skólanefnd til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja fimm einstaklingar og eru tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarfélaganna sex sem aðild eiga að skólanum. Samráðsvettvangur skólans og sveitarfélaganna sex kallast fulltrúaráð og skal það vera skólanefnd til ráðuneytis um þjónustu skólans á Vesturlandi og vera tengiliður á milli skólanefndar og sveitarfélaganna. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt en formaður stýrir fundum. Skipunartími síðustu skólanefndar rann út 12. júní 2022 og ný skólanefnd var ekki skipuð fyrir en í október sl. og er fyrsti fundur nefndarinnar er á dagskrá 7. desember n.k. Í máli fráfarandi formanns skólanefndar kom fram að nefndin fundaði að jafnaði tvisvar til þrisvar á ári með þriggja til fjögurra mánaða millibili. Í fundargerðum nefndarinnar sem birtar eru á heimasíðu skólans má lesa að ársreikningur, fjárhagsstaða, gjaldskrá, ársskýrsla, stefnur, stofnanasamningar, endurskoðun á námskrá sem staðfest var af nefndinni, húsnæðismál, innra mat, innritun o.fl. er tekið fyrir á fundum nefndarinnar en í máli f.f. formanns kom fram að eiginleg stefnumótunarvinna hefði ekki farið fram í nefndinni. Í fundargerðum má jafnframt sjá að skólanefnd lýsir yfir ánægju sinni með góða upplýsingamiðlum frá skólanum á fundum, í vikulegu fréttabréfi og á samfélagsmiðlum. Í máli fyrirverandi formanns skólanefndar kom fram að samstarf við forystu skólans hefði gengið mjög vel sl. tvö ár eða eftir að núverandi skólameistari tók til starfa. Samskipti innan nefndarinnar hafa verið góð, einnig milli kennara og nemenda. Með nýjum skólameistara komu áberandi betri vinnubrögð inn í starfsemi skólans að mati formanns. Orðspor FVA hefur farið vaxandi síðustu árin og nemendur sækja í skólann úr bæjarfélaginu og nærsamfélagi. Rekstur skólans hefur verið í ágætis málum síðustu ár en skólanefndin var gagnrýnin á þann mikla afgang sem var á rekstri skólans í ljósi þess að ekki var til stofnanasamningur í skólanum sem nú hefur

verið gerður. Formaðurinn taldi heilt yfir að húsnæði skólans væri í góðu lagi en endurnýjun væri hafin á heimavistinni sem þyrfti að ljúka við. Hvað framtíðarsýn skólans varðar taldi formaðurinn að það fælist í meira tölvulæsi, nýsköpun, raungreinanámi og skapandi hugsun. Þá mætti skoða verkefni fyrir unga karlmenn en skólinn hefur þegar komið til móts við það að einhverju leiti með dreifnáminu. Að lokum taldi formaðurinn að eins og skólinn væri í dag væri hann góð stofnun fyrir nærsamfélagið.

Innra mat

Í framhaldsskólalögum nr. 92 frá 2008 er í kafla VII fjallað um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs og í reglugerð nr. 700/2010 eru löggin útfærð. Framhaldsskólar skulu með kerfisbundnum hætti meta árangur og gæði skólastarfs. Innra mat skal samfið starfsemi skólans og skal skapa forsendur fyrir markvissu mati á árangri og leiðum að markmiðum skólans. Það skal vera umbótamiðað og ná til helstu þátta skólastarfsins.

Við Framhaldsskóla Vesturlands á Akranesi er unnið að því að skapa heildstætt sjálfsmatskerfi fyrir skólann en stefnt er að því að gæðakerfi skólans sé í samræmi við kröfur staðalsins ISO 9001:2018. Vinna er hafin við gerð gæðahandbókar í samræmi við staðalinn og fyrstu skjölin birtust í nóvember 2021 en nú er unnið að því að setja inn jafnlaunastaðlana og verkferla frá stoðteymi skólans. Áætlanir eru um að gæðahandbókin verði tilbúin í árslok 2023. Þannig vill skólinn vinna að stöðugum umbótum með reglubundinni rýni, úttektum og viðbrögðum við ábendingum. Við það er miðað að hver þáttur skólastarfsins sé metinn a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili. Umbótaferlið (PDCA hringurinn) byggir á eftirfarandi:

- Skipuleggja (**Plan**): Greina tækifæri og skipuleggja breytingar/umbætur.
- Gera (**Do**): Framkvæma breytingar.
- Athuga/Skoða (**Check**): Fara yfir það sem sem gert var, greina niðurstöður og áhrif og ákvarða næstu skref.
- Fylgja eftir (**Act**): Ef breytingar tókust þá nýtist lærdómurinn til að halda áfram að gera umbætur. Ef breytingar tókust ekki þarf að hefjast aftur handa við að greina og skipuleggja. Hvort sem breytingar tókust eða ekki þá er í báðum tilvikum um að ræða ferli sem stuðlar að stöðugum umbótum.

Skólinn hefur sett sér eftirfarandi átta gæðamarkmið og eiga þau að endurspeglast í verk- og framkvæmdaáætlun gæðaráðs, í undirbúningi er að endurskoða gæðamarkmiðin;

1. Allir áfangar fara í kennslumat skv. verk- og framkvæmdaáætlun.
2. Öll þjónusta í skólanum er metin reglulega, s.s. þjónusta mötuneytis, bókasafns, skrifstofu og fl.
3. Starfsemi deilda er metin með samtölum við deildarstjóra og skýrslum deilda.
4. Umsjón með nýnemum er skipulögð og lagt upp úr góðu samstarfi við þá og forráðamenn nemenda undir 18 ára aldri.
5. Kappkostað skal að draga úr brottfalli eins og kostur er. Leiðin er m.a. með því að efla stoðþjónustu og forvarnir, s.s. með viðtölum og námsstuðningi við nemendur.
6. Styðja faglegt samstarf við aðra framhaldsskóla, ekki síst skóla sem skilgreindir eru áþekkir FVA. Skólarnir kynni starfsemi sína og nýjungar og nýta þannig jafningjafræðslu.
7. Úttekt á skólahúsnæði og heimavist skal framkvæma reglubundið með það að leiðarljósi að það henti sem best fyrir starfsfólk og nemendur.
8. Rekstur skólans sé ávallt innan fjárheimilda.

Umsjón með innra mati FVA er í höndum yfirstjórnar skólans og gæðastjóra sem saman mynda gæðaráð/sjálfsmatsteymi sem sett var á laggirnar árið 2018 með það fyrir augum að efla innra mat skólans og vinna að gæðahandbók en ráðið byggir á fyrra gæðastarfi við skólann. Gæðaráð fundar reglulega og á þeim fundum er unnið að stefnumótun í gæðamálum og farið yfir helstu atriði gæðamála hverju sinni s.s. áætlanagerð, úrvinnslu kannana og rýnivinnu, eftirfylgni og ábyrgð á framkvæmd umbóta, skýrslugerð o.fl. Deildarstjórar sjá um þætti sem varða skipulag og framkvæmd innan deildar, s.s. umsjón með að áfangalýsingar og kennsluáætlanir séu í samræmi við námskrá og vinna skýrslu um starfsemi deildarinnar í lok skólaárs.

Gæðaráð setur upp árlega verk- og framkvæmdaáætlun þar sem skilgreind eru verkefni ársins, hvenær þau skuli framkvæmd og af hverjum. Síðasta verk- og framkvæmdaáætlun, í þrettán liðum, var samþykkt á fundi skólastjórnenda í júní 2022 og nær hún yfir árin 2022-2025. Áætlunin er birt sérstaklega á heimasíðu skólans. Eldri verk- og framkvæmdaáætlanir má sjá í sjálfsmatsskýrslum skólans eftir árum og þar er jafnframt gerð grein fyrir verkefnum og niðurstöðum þeirra.

Eftirfarandi þættir eru fastir liðir í vinnu við innra mat í FVA:

- Kennslukannanir (mat nemenda á kennslu og námsefni).
- Viðhorfskannanir.
Mat á líðan nemenda sem og viðhorfi þeirra og forsjáraðila til ýmissa þjónustupátta (mötuneyti, bókasafn, aðgengismál o.fl.).
Mat á líðan starfsfólks og viðhorfi til þjónustupátta og aðbúnaðar;
- Samtöl (reglubundin starfsmannasamtöl og snerpusamtöl í kjölfar kennslukannana).
- Stofnun ársins.
- Rýni í töluleg gögn og lykiltölur (s.s. gögn úr Innu til að greina aðsókn, gengi í námi, brottfall o.fl.).
- Ungt fólk, Rannsóknir og greining
- Skólapúlsinn

Á hverri önn fer fram kennslumat í völdum áföngum í dagskóla og dreifnámi þar sem kennarar fá niðurstöður um stöðu sína og nemendur fá tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennaranum og þeirri kennslu sem þeir fá í einstaka áföngum. Í kennslumatinu á haustönn 2020 voru 19 spurningar og var engin þeirra með undir 80% svari „sammála“ eða „mjög sammála“ og alls 14 spurningar fengu meira en 90% svara í „sammála“ eða „frekar sammála“. Svarhlutfallið var 62,5%. Í kjölfar kennslukannana eru svokölluð snerpusamtöl við kennara sem eru í höndum aðstoðarskólameistara en um er að ræða stutt, hnitmiðað starfsmannasamtal við kennara um niðurstöðu könnunar og viðbrögð en hvoru tveggja er trúnaðarmál milli viðkomandi.

Starfsmannasamtöl eru í gangi allt skólaárið en þar ræðir stjórnandi og starfsfólk um starfið, s.s. verkefni starfsins, samskipti, líðan, vinnuaðstæður, starfsþróun o.fl. og sammælast um niðurstöður. Gert er ráð fyrir starfsmannasamtali annað hvert ár. Á haustönn eru samtöl við nýtt starfsfólk þar sem leitast er við að fylgja eftir góðri aðlögun að nýju starfi.

Viðhorfakannanir til ýmissa þátta er varða skólastarfið hafa farið fram reglulega og gefa innsýn inn í afstöðu nemenda, starfsmanna og foreldra til FVA.

Til viðbótar við hefðbundnar kennslukannanir var lögð fyrir stutt könnun í samkomubanni í apríl 2020. Hún bar heitið “Stutt könnun í samkomubanni” og var tilgangur hennar að fá einhverja hugmynd um hvernig nemendur væru að upplifa þetta skrítna ástand þegar skólanum var lokað vegna Covid. Af 368 nemendum sem könnunin var lögð fyrir svöruðu 245 nemendur eða um 66,5%. Sambærileg könnun „Stutt könnun í samkomubanni“ var lögð fyrir í nóv./des. 2020 þar sem skoðað var álag og hvernig gengi í náminu á tímum Covid. Könnunin var lögð fyrir 419 nemendur, fjöldi svara var 285 (68% svarhlutfall).

Þjónustukönnun fór fram á vorönn 2021 sem lögð var fyrir alla nemendur (bæði í dagskóla og dreifnámi). Spurt var um viðhorf til virkni nemendafélagsins (NFFA) og hvaða viðburðum það ætti að standa fyrir, um gæði sóttvarna í skólanum (um 90% telja þau mjög góð eða góð) og hver væri besti miðillinn til að ná til nemenda (Instagram í fyrsta sæti, langt umfram aðra miðla). Önnur sambærileg könnun fór fram á vorönn 2018 en þá var spurt um atriði tengd nemendafélagi skólans, kennslutíma á föstudögum, fyrirkomulagi námsmatsdaga, skrifstofu, stjórnendum og tölvukerfi skólans.

Þjónustukönnun meðal starfsmanna FVA var haldin á vorönn 2021. Könnunin var send 70 starfsmönnum og samtals bárust 29 svör (41,4% svarhlutfall). Spurt var um afgreiðslu og þjónustu mötuneytis, bókasafns, tölvuþjónustu, skrifstofu, stjórnenda, umsjón fasteigna, um viðmót stjórnenda, um tölvubúnað starfsfólks og ræstingu auk nokkurra opinna spurninga. Á vorönn 2021 var leitað eftir viðhorfi forráðamanna nýnema til ýmissa þjónustubátta skólans og könnunin send þeim í gegnum Innu. Leitað er árlega eftir viðhorfi fyrrum nemenda sem hafa útskrifast frá skólanum að þremur árum liðnum frá brautskráningu og niðurstöður birtar í sjálfsmatsskýrslu.

FVA er meðal þátttakenda í könnuninni Ungt fólk, sem lögð var fyrir í október 2020. Sérstök áhersla í könnuninni var á líðan nemenda á tímum Covid. Þá tekur FVA þátt í könnuninni Stofnun ársins sem er framkvæmd af SFR og lögð fyrir opinberar stofnanir hjá ríki og sveitarfélögum. FVA tók einnig þátt í Skólapúlsinum í apríl 2021. Könnunin spyr úrtak nemenda í skólanum spurninga um námsumhverfi þeirra, virkni og líðan.

Sjálfsmatsskýrsla skólans er gefin út árlega og birt á heimasíðu skólans. Skýrslan er yfirlit yfir þau verkefni sem í gangi hafa verið það skólaárið og sýnir mikilvægi þess að halda úti öflugum gæðastarfi.

Styrkleikar

- Skólinn hefur markað sér skýra stefnu og sýn sem endurspeglast í starfi hans
- Gildi skólans eru sýnileg og sérstaklega er unnið með þau
- Víðtækt samráð innan skólans við gerð stefnuskjala
- Stjórnendur njóta trausts og virðingar og mikið samráð og samvinna er í stjórnendateymi
- Skólameistari gegnir skýru fagleg leiðtogahlutverki, er metnaðarfullur og traust ríkir til skólameistara
- Lýðræðislegir stjórnunarhættir
- Nýuppfærð skólanámskrá með víðtækri þátttöku innan skólans
- Virkt kerfi deildarstjóra
- Skólafundir eru haldnir reglulega með þátttöku nemenda
- Aðgengi að stjórnendum er gott
- Yfirgripsmikil loftlagsstefna
- Áhersla á jafnréttismál, verkferlar, ábendingahnappur og skýrsla jafnréttisráðs
- Formleg snerpuviðtöl, nýliðasamtöl og starfsmannasamtöl
- Skólanefnd er öflugur bakhjarl stjórnenda og skólans
- Niðurstöður markmiða stefnumiðaðrar áætlunar birt í ársskýrslu
- Vel skipulagt gæðastarf og umbótahópar
- Öflugt upplýsingaflæði, s.s. heimasíðan, Skruddan, samfélagsmiðlar
- Ársskýrslur, sjálfsmatsskýrslur og annálar eru aðgengilegir á vef

Tækifæri til umbóta

- Virkja betur samráð við skólanefnd og foreldra m.a. við mótun stefnu skólans
- Ljúka við heildstætt gæðakerfi og gæðahandbók fyrir skólann skv. ISO9001 kerfinu
- Vinna áfram með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í stefnumótun skólans
- Ljúka við stefnu um nám- og kennslu í FVA
- Endurskoða skipurit

Umfjöllun um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Nám og kennsla

Í formála nýrrar skólanámskrá Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA), sem gildi tók í júní 2022, kemur fram að skólinn sé bók- og verknámsskóli sem starfar samkvæmt áfangakerfi og að skólaárinu sé skipt í tvær jafnlangar annir. Í bóknaði er hægt að stunda nám á þremur stúdentsbrautum þ.e. félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og opinni braut sem býður upp á mismunandi sérsviði eða alþjóðasvið, íþrótt- og heilsusvið, lista- og nýsköpunarsvið, viðskipta- og hagfræðisvið og opið svið að eigin vali. Þá býður FVA upp á nám á framhaldsskólabraut fyrir nemendur sem ekki hafa náð tilskildum árangri úr grunnskóla til að hefja nám á öðrum brautum. Eitt af markmiðum FVA í stefnumiðaðri áætlun er að styðja sérstaklega við þessa nema. Þá býður skólinn nám á fjögurra ára bóklegri og verklegri starfsbraut með áherslu á lýðheilsu, sköpun og forvarnir fyrir nemendur sem eru með metnar sérþarfir. Þess utan á skólinn í góðu samstarfi við íþróttafélög bæjarins um afreksíþróttasvið. Í verknámi býður FVA upp á nám í vélvirkjun en haustið 2020 fór af stað kennsla á nýrri mál- og véltæknibraut, húsasmíði, og rafvirkjun í dagskóla og dreif- og helgarnám í vélvirkjun, húsasmíði og á sjúkraliðabraut. Viðbótarnám til stúdentsprófs er í boði fyrir nemendur eftir starfs- og listnám. Eitt af markmiðum FVA í þriggja ára áætlun er að auka fjölbreytni í námsframboði og auka hlut skapandi greina. Þá felur framtíðarsýn skólans það í sér að nemendur á Vesturlandi eigi bestu mögulegu valkosti á hagnýtu, fjölbreyttu og faglegu bók- og verknámi á svæðinu.

Innritunarreglur FVA eru skýrar og skilgreindar fyrir hverja braut um sig. Innritunarreglur eru birtar á heimasíðu skólans. Nemendur hafa aðgang að námsáætlun, stundatöflu og bókalista í Innu. Miðað er við að nemendur í bóklegu námi ljúki 25 til 35 einingum á önn auk íþrótt. Í verknámi er einingafjöldi í sumum tilfellum meiri. Um miðbik hveirrar annar þurfa nemendur að velja áfanga fyrir næstu önn. Með vali sínu staðfesta nemendur að þeir ætli að stunda nám við skólann á næstu önn. Valið fer fram í Innu en þau sem vilja aðstoð við að skrá eða breyta vali geta haft samband við áfangastjóra eða náms- og starfsráðgjöf og nýnemar fá aðstoð við valið í umsýjartíma. Fimm til sex annir tekur að ljúka öllum verknámsbrautum auk starfsþjálfunar á vinnustað sem unnin er samkvæmt ferlibók í Innu. Í ferlibók skrá nemendur og umsýjaraðilar/meistarar þau verkefni sem neminn hefur öðlast færni í á vinnustaðnum. Miðað er við að nám til stúdentsprófs taki að hámarki níu annir og að námslok í verknámi taki ekki lengri tíma en sem nemur þremur önnum umfram áætlaðan námstíma. FVA setur sér viðmið varðandi dreifnám um þjónustu við nemendur og þær kröfur sem eru gerðar til nemenda í dreifnámi.

Í máli kennara kom fram að mikil áhersla er á að námsáætlanir séu vel gerðar, en þar kemur fram hvaða námsþættir eru metnir, hvenær þeir eru metnir samkvæmt dagatali og hvaða vægi hver námsþáttur hefur til lokaeinkunnar. Í námsáætlunum kemur fram viðvera og kröfur um mætingu í verkefnum. Auk þess kemur fram í námsáætlunum hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að standast námskröfur hvers áfanga. Í máli nemenda kom fram að námsáætlanir væru skýrar og auðvelt að fylgjast með og skipuleggja námið út frá þeim. Bæði nemendur og kennarar segja að fjölbreytni sé mikil í kennsluaðferðum en að greinarnar og viðfangsefni stýri mjög hvaða aðferðir eru notaðar. Þá töldu kennarar að nemendur upplifðu fjölbreytta kennsluhætti með öðrum hætti en kennarar. Kennarar FVA hafa farið á námskeið um fjölbreytta kennsluhætti og haldið kynningar á þeim. Kennarar voru á einu máli um að yfirleitt gengi kennslan vel þó hópar geti verið mismunandi. Dæmi sé um erfiða hópa og enn sé Covid doði viðloðandi hjá nemendum. Upplýsingatæknin er mikið notuð en prófagerð er erfið í INNU. Í flestum námsgreinum er mikið um hópavinnu og reynt að fá nemendur til að vinna sjálfstætt. Nemendur og kennarar gefa samskiptum innan kennslustofunnar gott orð. Í almennum hluta nýrrar skólanámskrár segir að starfsemi FVA byggist á jafnrétti, virðingu og fjölbreytileika. Jöfn tækifæri eru leiðarljós skólans og virt í öllu starfi og ákvörðunum.

Stuðningur við nemendur

Undir nemendapjónustu FVA fellur náms- og starfsráðgjöf, skólasafn og upplýsingamiðstöð, námsver (Verið) og skólahjúkrunarfræðingur sem einnig sinnir forvarnarstarfi innan FVA. Af þessu má sjá að mikil áhersla er lögð á öfluga nemendapjónustu innan skólans enda voru nemendur og starfsfólk skólans sammála um að vel væri haldið utanum nemendur í FVA. Stuðningsteymið fundar einu sinni í viku með aðstoðarskólameistara og samstarfið við stjórnendur skólans er mjög gott. Samstarfið innan hópsins er einnig mjög gott og mikið traust ríkir til þeirra. Fulltrúar stoðþjónustunnar bentu á að vinnuaðstaðan væri á sér svæði innan skólans þannig að nemendur þyrftu ekki að hafa áhyggjur af því að tekið væri eftir heimsóknum þeirra í stoðþjónustuna.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að vera málsvari og trúnaðarmaður nemenda innan skólans og standa vörð um velferð nemenda. Náms- og starfsráðgjafar aðstoða við gerð námsáætlana, veita ráðgjöf vegna náms- og starfsvals, veita upplýsingar um nám og störf og leiðbeina um árangursrík vinnubrögð í námi. Þá leiðbeina þeir um prófundirbúning og kvíða, veita ráðgjöf vegna námserfiðleika og leiðsegja nemendum í persónulegum málum sem snerta námið og skólann, en nánar er hlutverk náms- og starfsráðgjafa útlistað á vefsvæði FVA. Í máli náms- og starfsráðgjafa kom fram að lífsleikninemar fái fræðslu um námsval, námstækni og fyrirlestur um heilsu og úrræði innan heilbrigðiskerfisins. Boðið væri uppá dyslexíu greiningar og námskeið um prófundirbúning og próftækni. Covid tíminn fól í sér talsverða áskorun fyrir náms- og starfsráðgjafa FVA en þá var rafræn ráðgjöf til nemenda umfangsmikil og nýttu bæði ráðgjafar og nemendur sér tæknina þegar ekki var hægt að hittast. Þá var stoðteymi skólans á tánum vegna líðanar nemenda, fylgdist vel með og veitti ráðgjöf og stuðning. Haldin voru þrjú námskeið um kvíða og prófundirbúning á haustönn 2021.

Í máli náms- og starfsráðgjafa kom fram að kennarar vísi nemendum til þeirra bæði vegna náms- og hegðunarvanda. Almennt er um að ræða hvatningu til að halda nemendum við efnið því alltaf er lítill hópur nemenda sem skortir áhuga og sjá ekki fram á tilgang með náminu. Nemendur biðja helst um aðstoð í stærðfræði og við heimildavinnu í ritgerðum og í Verinu er boðið upp á tvo tíma í stærðfræði og einn í

íslensku en þörfin ræður mikið eftirspurn eftir Verinu. Náms- og starfsráðgjafar eru með viðtalstíma í hverri viku og mögulegt er að bóka tíma í gegnum netið.

Á bókasafni FVA er að finna um 11.000 eintök bóka og tímarita sem nemendur og starfsfólk FVA hefur aðgang að. Almennt eru bækur lánaðar út í tvær vikur. Á safninu er einnig hægt að fá lánaðar kennslubækur, handbækur og kjörbækur til innanhússnota. Á safninu eru borð fyrir hópavinnu og góð aðstaða til verkefnavinnu í rólegu umhverfi. Nemendur geta einnig komið sér fyrir í sófum og hægindastólum og slakað á í erli dagsins. Á bókasafninu hafa nemendur aðgang að gatara, heftara og ýmsu því sem þarf til frágangs á verkefnum. Þar eru þrjár tölvur til afnota fyrir nemendur og í tölvuveri (staðsett á D-gangi á móti bókasafninu) eru 16 tölvur til afnota fyrir nemendur. Nemendur sem vinna verkefni í tengslum við nám sitt ganga fyrir í tölvurnar, eins og fram kemur á vefsvæði FVA. Nemendur voru sammála um að bókasafnið væri mjög gott og kósý. Þjónustan þar væri mjög góð og að flestir færu á bókasafnið eða í matsalinn þegar ekki væri tími.

Hjá skólahjúkrunarfræðingi geta forsjáraðilar og nemendur leitað aðstoðar og stuðnings. Skólahjúkrun og náms- og starfsráðgjafar hafa vinnuaðstöðu hlið við hlið og vinna mikið saman. Skólahjúkrun hefur fasta viðtalstíma en hægt er að bóka tíma rafrænt hjá skólahjúkrunarfræðingi, en dyrnar eru opnar fyrir þá sem vilja eða þurfa að koma við og leita aðstoðar. Í samtali við skólahjúkrunarfræðing kom fram að hún sinnir einnig starfi forvarnarfulltrúa.

Námsmat

Í almennum hluta nýrrar skólanámskrár FVA segir að námsmat miði að því að afla vitneskju um árangur nemenda og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Megintilgangur námsmats er að veita nemendum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi sem má hafa að leiðarljósi við skipulagningu og uppbyggingu náms. Til að geta gegnt þessu margþætta hlutverki þarf námsmat að uppfylla þau skilyrði að vera réttmætt, raunhæft og áreiðanlegt. Stefnt skal að því að hafa námsmat í öllum áföngum fjölbreytt og lýðæðislegt þar sem reynir á margþætta þekkingu, leikni og hæfni. Leitast skal við að beita fjölbreyttum matsaðferðum sem geta m.a. falið í sér mat á einstaklings- eða hópverkefnum, ritgerðum, skyndiprófum, tímaverkefnum, skýrslu, tilraunum, vinnubókum, gagnaprófum, lokaprófum, virkri þátttöku í tímum, mætingu og fleira. Bent er á að námsmat geti verið ólíkt eftir námsgreinum og áföngum en deildastjórar tryggja að samræmis sé gætt í námsmati innan áfanga og að kennarar hafi samvinnu um yfirferð prófa þar sem því verður viðkomið. Að jafnaði eru einkunnir gefnar í heilum tölum frá einum upp í tíu. Námsmati er að jafnaði dreift yfir önnina en lokapróf eru haldin á námsmatsdögum í lok annar. Í samtali við nemendur, deildastjóra og kennara kom fram að fjölbreytileiki kennslustunda fer eftir fögum og að nemendur eru spurðir um námsmat og kennsluna í upphafi annar. Námsmatið er fjölbreytt og nemendur vinna skýrslur, gera tilraunir, taka lokapróf, halda vinnubækur (ferilbækur í verknámi), vinna tímaverkefni, skila ritgerðum og taka lokapróf. Í máli nemenda kom fram að námið væri sífellt að verða meira verkefnamiðað og lokapróf virtust vera á leiðinni út. Verkefnavinnunni fylgdi vissulega álag en á móti minnkar pressan sem fylgir stórum lokaprófum. Nemendur töldu verkefnavinnuna henta betur til að læra námsefnið.

Kennarar

Samtals starfa 45 kennarar við FVA í 40,5% stöðuhlutfalli og eru þeir sérfræðingar í þeim greinum sem þeir kenna og leggja sitt af mörkum til að gera FVA að lifandi lærdómssamfélagi. Flestir kennarar Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA) hafa lokið námi til kennsluréttinda í sínu fagi, einn hefur lokið doktorsnámi auk kennsluréttinda, 17 hafa meistaraþróf auk kennsluréttinda, 11 hafa BA/BS próf auk kennsluréttinda og 10 hafa lokið annarri menntun auk kennsluréttinda eins og sjá má í töflu 10. Þrír kennarar hafa lokið háskólaprófi án kennsluréttinda og þrír hafa aðra menntun án kennsluréttinda. Á síðasta skólaári voru fimm kennarar í kennsluréttindanámi og hefur skólinn hvatt til þess. Einn kennari hefur lengri starfsaldur en 30 ár og 23 kennarar hafa starfsaldur skemmri en fimm ár. 12 kennarar hafa starfsaldur á bilinu 5 til 10 ár eins og fram kemur í töflu 11. Samtals 35 af 45 kennurum hafa skemmri starfsaldur en tíu ár en meðalstarfsaldur innan skólans er 8,89 ár. Starfsmannaveltan hefur verið mikil á undangengnum árum í FVA en á árinu 2022 var starfsmannavelta 16,67% og 10,91% árið 2021. Á tímabilinu 2018-2022 hafa 24 látið af störfum við skólann þar af hafa 6 hætt vegna aldurs.

Í máli kennara kom fram að FVA væri góður vinnustaður og eining væri innan hópsins. Starfsmannafélag skólans væri öflugt og góð þátttaka starfsmanna. Mikil jákvæð breyting hefur átt sér stað innan starfsmannahópsins, hópurinn er þéttari og unnið hefur verið í því að þjappa hópnum saman. Kennarar taka þátt í Erasmus verkefnum og mikil hvatning er til að sinna þróunarstarfi og endurmenntun. Hægt að sækja um launaprep vegna námskeiða sem kennarar taka t.d. í gegnum Menntafléttuna.

Námsgögn og námsaðstaða

Mynd 2. Kennslustofa í tréiðn í FVA



Í máli deildarstjóra kom fram að FVA býr yfir ágætum tækjabúnaði og aðstöðu til náms fyrir flestar brautir skólans þó vissulega þurfi tækjabúnaður að endurnýjast jafnt og þétt. Kennarar og stjórnendur skólans nota námsumsjónarkerfi INNU með virkum hætti til að miðla námsefni, áfangalýsingum og upplýsingum um kennda áfanga.

Námsgögn í raungreinum eru ágæt að sögn nemenda og deildastjóra í raungreinum. Stofurnar eru þokkalegar en þurfa uppþæslu að sögn kennara.

Mynd 3. Kennslustofa í raungreinum í FVA



Það kom fram hjá kennurum að námsefni væri misjafnt eftir námsgreinum frá því að vera eldgömul bók yfir í mjög gott efni. Nemendur bentu á að í sumum tilfellum væri námsefnið komið til ára sinna en þó væri töluvert af efni komið á rafrænt form, t.d. í formi talglæra og myndbanda. Mikið af námsefni í verknámi er á rafrænu formi í gegnum Ipad.

Mynd 4. Kennslustofa í málmiðn í FVA



Styrkleikar

- Ný námskrá frá júní 2022
- Fjölbreytt námsframboð og uppsetning námsbrauta er skýr í nýrri námskrá
- Boðið upp á dreifnám í verklegum greinum
- Kennsluáætlanir eru upplýsandi og samræmdar
- Námsval og námsmat er fjölbreytt
- Gott samstarf við íþróttafélög bæjarins um afreksíþróttasvið
- Ágætlega menntaður og öflugur kennarahópur
- Nemendapjónusta FVA er yfirgripsmikil og öflug
- Nemendum með sérþarfir er vel sinnt á starfsbraut og framhaldsskólabraut
- Kennarar leitast við að bæta sig í starfi
- Kennarar eru hvattir til endurmenntunar og þróunarstarfa
- Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar í flestum námsgreinum/áföngum
- Námsumsjónarkerfið INNA er almennt notað
- Aðstaða á bókasafni til náms, stuðnings og upplýsingaöflunar góð

Tækifæri til umbóta

- Stefna að því að allir kennarar hafi lokið námi til kennsluréttinda
- Mikil starfsmannavelta sl. 5 ár
- Skoða fjölbreyttar kennsluaðferðir í öllum námsgreinum/áföngum
- Námsgögn í sumum tilfellum komin til ára sinna

Umfjöllun um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Skólabragur og líðan

Starfsemi Fjölbreyttaskóla Vesturlands á Akranesi byggist á grunngildum skólans sem eru jafnrétti, virðing og fjölbreytileiki. Jafn réttur og jöfn tækifæri einstaklinga og hópa eru leiðarljós skólans og er virt í öllu starfi skólans og ákvörðunum. Skólabragurinn einkennist af heimilislegu andrúmslofti, lýðræði og jákvæðum samskiptum nemenda og starfsfólks. Andleg, líkamleg og félagsleg velferð nemenda er höfð að leiðarljósi og áhersla er lögð á heilsusamlega umgjörð um skólastarfið. Í framtíðarsýn FVA felst að nemendur á Vesturlandi eigi bestu mögulegu valkosti á hagnýtu, fjölbreyttu og faglegu bók- og verknámi á svæðinu, að skólabragur sé góður og að FVA sé eftirsóttur vinnustaður sem stenst alla samkeppni. Í jafnréttisstefnu skólans segir jafnframt að jákvæð samskipti og virðing eigi að vera ríkjandi í öllu skólastarfinu og að leggja skuli áherslu á góðan líðan nemenda og starfsmanna skólans. Koma skal fram við alla af virðingu óháð kyni, þjóðerni, litarhætti, trúarbrögðum o.fl.

Í máli skólameistara kom fram að skólabragur felist í persónulegu og notalegu viðmóti og fjölbreyttu námsframboði. Félagslíf starfsmanna og nemenda væri öflugt, boðleiðir væru stuttar innan skólans og skrifstofan væri alltaf opin. Þá setji gott mötuneyti og heimavistin svip á skólabraginn. Skólameistari taldi að í FVA væri lýðræðislegur, notarlegur, persónulegur og hlýr skólabragur. Lítið væri um agavandamál og ofbeldi og yfirgangur væri ekki liðinn. Fram kom hjá vistarstjóra að góður stuðningur væri frá stjórnendum skólans þegar kæmi að því að taka ákvarðanir vegna vistarinnar. Það væri alltaf tími til að sinna verkefnum tengdum vistinni og vel væri hlustað af stjórnendum. Fram kom hjá starfsfólki að skólabragurinn og líðan í skólanum væri jákvæð það væri rými fyrir gleði innan stofnunarinnar og andinn innan skólans væri líflægur og dálítið frjálslegur. Skoðanir hafi hljómgrunn og það væri hlustað „ég fæ hrós, ég fæ klapp á bakið“ og hiklaust væri hægt að mæla með þessum vinnustað. Í máli nemenda kom fram að nemendum líði almennt vel í skólanum, vel væri að þeim búið og að þeir væru sáttir við sinn skóla. Mjög mikið væri í boði, nemendur fengju mikla aðstoð við námið og stoðþjónustan væri vel nýtt. FVA væri góður skóli, orðsporið væri jákvætt og eiginlega allir af svæðinu færu í nám við skólann.

Mannauðsstefnan FVA miðar að því að gera FVA að góðum vinnustað þar sem gildi skólans Jafnrétti – Virðing – Fjölbreytileiki eru höfð í heiðri og gleðin ræður ríkjum. Á lýðræðisfundi 11.mars 2021 voru nemendur beðnir um 3-5 orð sem lýsa skólanum þeirra.

Í vinnuverndarstefnu FVA er einnig lögð áhersla á að stuðla sé að hamingju og vellíðan nemenda og starfsfólks í FVA. Þá er í skólareglum fjallað um samskipti og gagnkvæma virðingu nemenda, kennara og annars starfsfólks sem siðferðilegt viðmið. Auk þess hefur skólinn siðareglur kennara í heiðri en þær voru mótaðar og skráðar af Kennarasambandi Íslands.

Kappkostað er að styðja við góða líðan bæði nemenda og starfsfólks í FVA og hvetja til árangurs; stoðþjónusta skólans hefur verið eflað á síðustu misserum og aukin miðlun upplýsinga, bæði með aukinni upplýsingagjöf gegnum Skrudduna sem er vikulegt fréttabréf skólameistara og aukið samtal. Samskiptasáttmáli er í vinnslu innan skólans og af ofangreindu má sjá að stefnumótun og skólareglur taka með skýrum hætti á samskiptum og vinnulagi innan skólans.

Samskipti í skólafundi

Í skólareglum FVA sem birtar eru í skólanámskrá eru skýrar reglur um verkstjórn í skólafundi.

1. Kennari er verkstjóri í kennslustundum og stjórnar því sem þar fer fram. Það er réttur kennara og nemenda að vinnufriður ríki í kennslustundum.
2. Kennara er heimilt að færa í sundur einstaklinga sem trufla.
3. Kennara er heimilt að vísa nemanda úr kennslustund.
4. Kennara er heimilt að neita nemanda sem vísað hefur verið úr kennslustund um að sækja tíma í viðkomandi áfanga hafi nemandinn ekki gert hreint fyrir sínum dyrum.
5. Nemendur sem ítrekað trufla vinnufrið í kennslustundum geta átt yfir höfði sér brottvísun úr skóla.
6. Notkun síma, myndavéla, fartölva, spjaldtölva og tónhlaða er óheimil í kennslustundum án leyfis kennara.

Í rýnihópum nemenda töldu flestir að kennsluhættir væru nokkuð fjölbreyttir þó það væri mismunandi eftir kennurum og fögum. Nemendur voru sammála um að kennsluáferðir í tungumálum væru fjölbreyttar en þær mættu vera fjölbreyttari í sumum áföngum. Þau væru einnig spurð um námsmatið í byrjun annar en sögðu að námið væri mikið verkefnaþætt. Almennu væru nemendur með sínar tölvur í tímum og gerði kennslan oftast ráð fyrir því þó ekki sé tölvuskylda. Kennarar væru almennu sanngjarnir, samskiptin við þá væru góð og auðvelt væri að fá aðstoð. Lítið væri um agavandamál en gerðar væru athugasemdir við símanotkun í tímum. Nemendur sögðu raungreinastofur ágætari en þau hefðu misst mikið verklegt í Covid. Nemendur í iðnnámi töldu tækjabúnað í náminu vera mjög góðan, bóklega efnið hjá þeim væri yfirleitt á Ipad og nemarnir kaupa verkfærin sjálfir. Þá vildu nemendur leggja áherslu á að bókasafnið væri mjög gott sem og mötuneytið og kósý pláss, sófar og borð væru víða um skólann.

Kennslukönnun á haustönn 2020 var lögð fyrir nemendur í samfélagsgreinum, trúngreinum, listgreinum og á starfsbraut. Neðangreinar sjö spurningar voru með yfir 90% svara í „sammála“ eða „frekar sammála“ á vorönn 2021.

1. Kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum
2. Ég tek virkan þátt í kennslustundum í þessum áfanga
3. Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim
4. Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýnninn hátt
5. Kennarinn hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða

6. Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga (99% sammála þessu)
7. Ég er ánægð/ánægður með samskipti mín við kennarann.

Þau gleðitíðindi bárust í janúar 2022 að starfsfólk skóla á Akranesi væru Skagamenn ársins! Í máli skólameistara kom fram að þetta væri frábær viðurkenning fyrir okkur öll sem höfum staðið meðan stætt er og haldið uppi námi og kennslu meðan heimsfaraldur geisar.

Félagslíf nemenda

Nemendafélag skólans, NFFA, stendur vörð um sameiginlega hagsmuni nemenda, stuðlar að blómlegu og kröftugu félagslífi og eflir tengsl nemenda innbyrðis og við aðra skóla eins og fram kemur í lögum félagsins. Aðalstjórn NFFA er skipuð forseta, varaforseta (sem jafnframt er ritari), gjaldkera, markaðsstjóra, skemmtanastjóra og fulltrúa nýnema. Aðalstjórn hefur yfirumsjón með félagslífi nemenda og skipuleggur viðburði, en helstu viðburðir eru nýnemadagur og nýnemaferð, fólboltamót, hin árlega íþróttakeppni FVA og MB WestSide, Gettu betur, leikrit en á vorönn 2022 var sýndur söngleikurinn Útfjör, Skammhlaup þar sem öllum nemendum er skipt í lið og keppt í ýmsum greinum s.s. ullarsokkaböðhlaupi, stígvélasparki, limbó o.fl., Morfís, áshátíð, söngkeppni framhaldsskólanna, Opnir dagar á vorönn, kaffihúsakvöld, dansleikir o.fl. Til staðar er handbók NFFA með dagatali NFFA, gátlistum yfir helstu viðburði, starfslýsingu stjórnar og lögum og reglum nemendafélagsins. Þá eru starfandi vel á annan tug klúbba og nefnda s.s. tónlistarklúbbur, listaklúbbur, Femínistafélagið Bríet, góðgerðarfélag, leiklistarklúbbur, skemmtinefnd og útskriftarnefnd svo nokkuð sé nefnt. Störf NFFA síðustu misseri hafa litast mjög af þeim skorðum sem samkomutakmarkanir hafa sett félagslífi nemenda. Stjórn nemendafélagsins taldi að nemendur væru að byrja að venjast því að hafa aftur félagslíf eftir Covid. Mæting á böll væri mjög góð en ekki eins góð á minni viðburði. Þá væri klúbbastarfið að komast í gang en það væri vinna fyrir höndum að láta klúbbana virka. Stjórn nemendafélagsins taldi að aðstaða þeirra væri ágæt en þau hefðu stofu og stúdíó til að vinna þau verkefni sem nemendafélagið sér um en betra væri að fá aðstöðu fyrir stjórnina. Stjórn nemendafélagsins fundar einu sinni í viku og samstarfið við stjórnendur skólans er gott en félagslífsfulltrúi sér þó mikið um þeirra mál gagnvart stjórnendum. Þá eiga þau í góðu samstarfi við umsjónarmann skólans og hafa lykla að ákveðnum rýmum innan hans. Skólinn sér um innheimtu á nemendafélagsgjöldum og félagslífsfulltrúi er með prókúru á reikninginn.

Samskipti við foreldra/forráðamenn

Í FVA er árlegur kynningarfundur með foreldrum nýnema að hausti þar sem farið er yfir námsbrautir, val og stoðþjónustu og fyrirspurnum um skólastarfið svarað. Þá var haldinn sérstakur kynningarfundur með foreldrum og nemendum sem tala pólsku með aðstoð túlks. Skólinn hefur tekið saman „Foreldrahandbók, upplýsingar um skólann fyrir nýnema og forsjáraðila þeirra“ sem birt er á heimasíðu skólans og veitir upplýsingar um allt það helsta sem nýneminn og forráðamaður þarf að vita við upphaf skólagöngu.

Foreldraráð FVA var stofnað í september 2001 og um foreldraráð FVA gilda lög frá september 2009 sem birt eru á heimasíðu skólans. Markmið félagsins eru að efla samstarf milli foreldra og skólans um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda auk þess að vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra, bakhjarl skólans og miðla upplýsingum um skólastarfið. Í foreldraráði er níu manna stjórn, fimm

aðalfulltrúar og fjórir varamenn og eru þetta allt mæður nýnema að sögn formanns. Stjórnin er búin að hittast einu sinni og verið sé að reyna að koma foreldraráði skólans í meiri virkni. Foreldraráð tilnefni einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í máli formanns foreldraráðs kom fram að til væru starfsreglur fyrir foreldraráð og tengsl væru við nemendafélagið. Þá hefði skólameistari upplýst um það helsta í skólastarfinu og vikulega kæmi fréttabréf skólans sem væri gott að fá. Heimasíða skólans væri aðgengileg og foreldraráð hefði látið útbúa netfang við skólann. Viðhorf almennt til skólans í samfélaginu væri gott og ímynd skólans góð. Námið í skólanum væri fjölbreytt og gott og að nemendur virtust koma vel undirbúnir fyrir frekara nám. Þá kom fram að það væri vinsæl afreksíþróttabraut í FVA og tilfinning formanns var sú að allir innan skólans væru opnir fyrir nýjungum.

Samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

FVA er í formlegu þrískólasamstarfi við Fjölbrotaskóla Suðurlands og Fjölbrotaskóla Suðurnesja m.a. um námskrá og þróun námsgreina. Auk þess er skólinn í góðu sambandi við Menntaskóla Borgarfjarðar og Fjölbrotaskóla Snæfellinga um fagleg mál. Skólinn á einnig samstarf við grunnskóla á Vesturlandi og grunnskólana tvo í bænum, t.d. varðandi kynningu á námi, innritun og félagslíf í skólanum en auk þess er haldin árleg stærðfræðikeppni grunnskólanna á Vesturlandi. Tæknimessa FVA, í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, fyrir nemendur á unglingsstigi grunnskólanna á svæðinu vekur ætíð athygli og er vel sótt þar sem kynnt er nám skólans á sviði iðn- og verkgreina annað hvert ár. Þá á skólinn gott samstarf við Símenntunarmiðstöð Vesturlands að sögn skólameistara en FVA var einn af stofnaðilum miðstöðvarinnar. FVA hefur séð um kennslu í Stóriðjuskóla Norðuráls en kennslan hefur legið niðri í Covid. Þá er gott samstarf við Tónlistarskólann á Akranesi en á haustönn 2021 var í fyrsta sinni í boði áfangi í hljóðtækni í samvinnu við Tónlistarskólann.

FVA á gott samstarf við fjölda aðila á svæðinu að sögn stjórnenda skólans og leggur áherslu á góða tengingu við atvinnulífið. Skólameistari situr í stjórn Þróunarfélags um nýsköpunarsetur á Breið á Akranesi en þar er FabLab smiðja Akraness þar sem nemendur FVA eiga fasta tíma. Gott samstarf er við Akraneskaupstað m.a. vikulegir fundir í stoðteymi með fulltrúum Barnaverndarnefndar og árið 2016 var skrifað undir samning milli FVA, Akraneskaupstaðar og ÍA um formlegt samstarf um afreksíþróttasvið við skólann. Skólinn á í samstarfi við Heilsugæslu Vesturlands um nám og kennslu á sjúkraliðabraut og þjónustu geðhjúkrunarfræðings við nemendur. Þá hefur skólinn gert samstarfssamning við Húsasmíðjuna um kennsluefni í húsasmíði og við Vinnuvernd um þjónustu trúnaðarlæknis.

Alþjóðlegt samstarf

Erlent samstarf er sívaxandi hluti skólastarfsins. Nemendur FVA eiga þess kost að fara í námsferðir og taka á móti erlendum nemendum. FVA hefur nýlokið við að setja sér alþjóðastefnu en þar segir að skólinn stefni að því að búa nemendur undir nám og störf á alþjóðlegum vettvangi enda telur skólinn að alþjóðasamskipti eigi að vera hluti menntunar í nútímasamfélagi. Samþykkt hefur verið innan skólans að búa til sérstakan áfanga utanum erlend samstarfsverkefni. Samhliða nýrri alþjóðastefnu hefur verkefnastjóri fengið heitið alþjóðafultrúi. Þá hefur skólinn fengið formlega staðfestingu sem Erasmus-skóli 2022-2027 sem þýðir einfaldara umsóknarferli á hverju ári um erlend verkefni. Þrjú stór samstarfsverkefni við erlenda skóla voru á bið árið 2021 vegna Covid en þó tókst fjórum nemendum að fara með kennara til Sevilla

á Spáni í nóvember í verkefnið „Schools for a Green Future.“ Á árinu 2021 fékkst samþykki fyrir nýju samstarfsverkefni sem heitir „Be Green“ og koma fimm lönd að því, Frakkland, Búlgaría, Grikkland og Tyrkland auk Íslands. Skólinn tók þátt í tveimur Nordplus-verkefnum árið 2019, „Education Lighthouse“ snýst um þróun skóla og menntunar í samstarfslöndunum þremur: Íslandi, Finnlandi og Litháen. „Nordic Nature Experience“ snýr að útivist og túlkun náttúru í listum í Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi.

Styrkleikar

- Skólabragur sem byggir á grunngildum skólans
- Skólabragur byggir á persónulegu og notalegu viðmóti og fjölbreyttu námsframboði
- Nemendum líður vel í skólanum, vel er að þeim búið og nemendur eru sáttir með sinn skóla
- Lýðræði, lýðræðisfundur og jákvæð samskipti nemenda og starfsfólks
- Virðing og umhyggja í skólastarfinu
- Góður vinnustaður, gott samstarf, jákvæðni og virðing
- Starfsandi meðal starfsmanna mælist umtalsvert jákvæðari en áður (SFR)
- Starfsfólk er ánægt og stolt af stofnuninni sem það vinnur hjá, mikil jákvæð breyting frá 2018 (SFR)
- Mannauðsstefna, vinnuverndarstefna
- Nemendur eru stoltir af skólanum
- Viðhorf til skólans og ímynd er góð í samfélaginu
- Góð samskipti við forsjáraðila
- Vinnufriður og samskipti í kennslustundum eru góð
- Vel skilgreint félagslíf með handbók, dagatali, gátlistum og starfslýsingum stjórnar
- Góð tengsl við framhaldsskóla og grunnskóla innan og utan svæðis
- Góð tengsl við atvinnulífið og samfélagið utan skólans
- Öflugt erlent samstarf, alþjóðastefna og alþjóðafulltrúi

Tækifæri til umbóta


- Ljúka við samskiptasáttmála
- Skoða þarf líðan nemenda í skólanum
- Koma foreldraráði í meiri virkni
- Nýta tækifærið með 10 bekk í húsnæði skólans til aukinnar samþættingar á námi og tengsla skólastiganna
- Setja aukinn kraft í félagslíf skólans og virkja fleiri nemendur til þátttöku s.s. í klúbbastarfi

Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Húsnæðið sem Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi starfar í er samtals 8.583,28 fermetrar. Aðalbygging skólans er við Vogabraut 5, málmiðnaðarhús er einnig við Vogabraut 5 og heimavistarhús við Vogabraut 4. Aðkoman að aðalinngagni skólans er góð og bílastæði næg. Fyrir framan aðalinngang skólans er skúlpútur sem heitir Skutlan, eftir Guttorm Jónsson og heitir kvikmyndaklúbbur í skólanum eftir þessu listaverki. Þá er yfir aðalinnganginum bogi, hannaður af Magnúsi H. Ólafssyni arkitekt og velunnara skólans. Kennslustofur eru samtals 2.189,43 fermetrar, trésmíðaverkstæði skólans er 440,20 fermetrar, skrifstofur og kennarastofa er 635,99 fermetrar, salur skólans telur 446,70 fermetra, mötuneyti er 106,45 fermetrar, bókasafnið er 237,73 fermetrar og tölvuver hjá bókasafni 84,60 fermetrar. Þakrými og loftræstirými er samtals 660,63 fermetrar og önnur svæði telja samtals 1.532,47 fermetrar eins og fram kemur í ársskýrslu FVA fyrir árið 2018.

Mynd 6. Afstöðumynd af Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi



Aðalinngangur er inn á fyrstu hæð skólahússins merkt A á mynd 1. Á neðri hæð skólahússins eru fatahengi, eldhús, matsalur og salur ásamt sviði. Á efri hæð skólahússins eru vinnuherbergi kennara, kennarastofa, skrifstofur, vinnuástaða stjórnenda og fundarherbergi. Á neðri hæð skólahúss merkt B á mynd 1 er aðstaða nemendafélags FVA, þar er líka aðstaða námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings, forvarnarfulltrúa, ásamt kennslustofum merktar B101 til B105. Rúmgott og ágætlega búið bókasafn og lesstofa, gamli salur og kennslustofur merktar D101 til D105 eru á neðri hæð skólabyggingar merkt D á mynd 1. Rafiðn og tréiðn eru í skólahúsi merktu C og T á mynd 1. Og málmiðn eru í skólahúsi merktu M. Heimavist FVA er gengt skólahúsunum við Vogabraut 5, staðsett við Vogabraut 4. Opið svæði milli tréiðna og málmiðna er notað undir nemendaverkefni tréiðna þar sem byggt er sumarhús. Gott rými er fyrir starfsemi skólans í húsnæðinu og falleg listaverk í eigu hans og Listasafns Akraness prýða ganga skólans. Í samtölum við stjórnendur skólans, kennara og annað starfsfólk kom fram að umferð í kringum skólann væri helst til hröð og erfitt gæti verið að komast yfir í heimavist handan götunnar.

Mynd 6. Bókasafn FVA



Aðstaða á bókasafni er góð, eldhúsið er vel tækjum búið og mikil almenn ánægja er með mótuneyti skólans. Þá kom fram að ekki væri íþróttahús við skólann og að nemendur á afrekssviði nytu samstarfs við íþróttafélögin í bæjarfélaginu en almennar íþróttir skorti pláss. Þó skólinn eigi ekki eigið íþróttahús, þá miðar öll starfsemi í FVA að því að tryggja öruggt og heilsusamlegt umhverfi sem skapar öryggi og vellíðan. Aðstaða á myndlistarsviði mætti vera betri að sögn kennara og nemenda. Stjórn nemendafélags FVA hefur stofu og stúdíó þar sem hægt er að vinna helstu verkefni en að sögn stjórnar nemendafélagsins væri mikill kostur að hafa séraðstöðu fyrir stjórnina, enda mætti umgengni um aðstöðu félagsins í heild vera betri. Stoðteymi skólans er á sér svæði og í nýuppgerðri aðstöðu. Námsver skólans Verið býður upp á námsaðstoð í stærðfræði og íslensku og hefur einnig verið með jafningjafræðslu. Hluti heimavistar hefur verið endurnýjaður og sameiginleg svæði, eins og eldhús og setustofa eru snyrtileg. Áriðandi er að ljúka við endurnýjun á heimavist enda skapar þetta mismunum á milli íbúa vistarinnar. Aðstaða í trúíðnar er ágæt og vélar og tæki hafa verið endurnýjuð. Trúíðnar byggir tvö sumarhús yfir veturinn og eru þau staðsett úti á milli trúíðnar og málmiðnar.

Mynd 8. Matsalur FVA



Umsjónarmaður fasteigna sér um að að húsnæði skólans sé í eins góðu lagi og mögulegt er en viðhald og endurnýjun á húsnæði skólans er í höndum Framkvæmdasýslu ríkiseigna (FSRE). Samstarfið við Framkvæmdasýsluna mætti ganga hraðar fyrir sig. Umsjónarmaður fasteigna benti á að gera þyrfti úttekt á húsinu og vinna í því að koma í veg fyrir þéttingu og raka í hluta hússins. Í máli hans kom fram að það væru búnar að vera miklar framkvæmdir í húsinu, múrviðgerðir og skipt um glugga. Endurnýjun loftræstikerfis fylgir sú nýjung að hægt er að sjá á skjá ef bilun kemur upp. Stór verkefni eins og endurnýjun húsnæðis í heimavistinni situr á hakanum, en gólfín á heimavistinni hafa verið tekin í gegn, og hluti vistavera og sameignlegs rýmis hefur verið endurnýjaður. Gerður hefur verið listi yfir verkefni en erfiðlega gengur að fá framkvæmdir í gang. Öll húsin eru í ágætu horfi að utan og búið er að skipta um öll þök. Aftur á móti þarf að laga vörumóttöku fyrir mötuneytið.

Samkvæmt vefsvæði FVA þá var heimavist Fjölbrautaskólans á Akranesi tekin í notkun árið 1984. Á henni er rúm fyrir 60 nemendur í 30 tveggja manna herbergjum. Í hverju herbergi er lítill eldhúskrókur með ísskáp, baðherbergi með sturtu, sófi, náttborð, skrifborð og hirslur. Í sameiginlegri aðstöðu á heimavist er setustofa með sjónvarpskrók og fullbúið eldhús sem vistarbúar hafa til afnota. Vistarbúar hafa einnig aðgang að fullbúnu þvottahúsi með þvottavélum og þurrkara.

Heimavistin er opnuð við upphaf hverrar annar degi áður en kennsla hefst. Eina helgi í mánuði er heimavistin lokuð, það skipulag er gefið út hverja önn fyrir sig með góðum fyrirvara. Lokunin nær frá kl. 17:00 á föstudegi til kl.17:00 á sunnudegi. Mælst er til þess að nemendur yngri en 18 ára fari heim um helgar. Við heimavistina starfar vistarstjóri sem er á staðnum alla daga og um helgar starfa næturverðir sem sjá um gæslu og aðra þjónustu við íbúa. Mötuneyti geta vistarbúar nýtt sér í hádeginu alla virka daga og er það staðsett í húsnæði skólans gegnt heimavistinni, að öðru leyti sjá þeir sjálfir um fæði. Fram kom í máli vistarstjóra að hlutverk hans sé að flétta saman starfsemi stofnunar og sinna persónulegum málefnum þeirra sem eru á vistinni. Verkefnið sé dálítið erfitt, en unnið er að því að bæta samveru innan heimavistar. Góður stuðningur er frá stjórnendum þegar kemur að því að taka erfiðar ákvarðanir vegna vistarinnar.

Stöðugt er unnið að því að uppfæra hugbúnað og tölvukost FVA. Tölvuþjónustan er með viðveru í tvo og hálfan dag í viku í skólanum. Í skólanum er þráðlaust net sem bæði kennarar og nemendur hafa aðgang að. Endurnýjun tölvu er unnin jafnt og þétt og aðstaðan er góð. Netbúnaður hefur verið endurnýjaður sem og netþjónar og þráðlaust net. Skjáir eru komnir á arma sem hægt er að snúa og búið er að færa allt efni yfir á menntaskýið. Flutningur efnis yfir á menntaskýið gekk vel. Ekki er gerð krafa um að nemendur hafi eigin tölvu í skólanum. Allar upplýsingar um námsferil nemenda eru skráðar í Innu. Nemendur nota rafræn skilríki sem aðgang að Innu. Skólinn er áskrifandi að menntaskýinu og geta nemendur hlaðið þeim forritum niður.

Styrkleikar

- Snyrtilegt og aðlaðandi húsnæði
- Góður matsalur og svið
- Vel hugað að viðhaldi
- Almenn ágætur tækjabúnaður til kennslu
- Gott mötuneyti fyrir nemendur og kennara
- Vel útbúið bókasafn
- Aðstaða nemendafélags
- Hugbúnaður og tölvukostur í stöðugri endurnýjun
- Heimavist, en hluti heimavistar hefur verið endurnýjaður

Tækifæri til umbóta

- Stöðugt viðhald á húsnæði
- Ljúka endurnýjun heimavistar
- Draga úr hraða umferðar í kringum skólann
- Bæta aðstöðu á myndlistarsviði
- Auka rými fyrir hefðbundna íþróttakennslu innan skólans
- Sér aðstaða fyrir stjórn nemendafélagsins

Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólstarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólstarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Námsárangur

Í skólstarfi er mikið unnið með tölulegar mælingar og árangur má mæla út frá námsárangri, útskriftarhlutfalli, mætingu og brotthvarfi. FVA vinnur samkvæmt því markmiði stjórnvalda að bjóða gæðamenntun fyrir alla. Fjöldi innritaðra nýnemenda í dagskóla FVA er mestur haustið 2018 eða 434 en minnstur vorið 2020 eða 361 en meðaltal innritaðra nýnemenda sl. 5 ár er 390,3. Flestir nemendur í dagskóla koma frá Akranesi, eins og fram kemur í töflum eitt og tvö. Fjöldi brautskráðra vor og haust 2018 til 2022 er samtals 529 nemendur. Flestir hafa útskrifast af náttúrufræðabraut eða 107 en 96 hafa útskrifast af opinni stúdentsbraut. Tafla 8 sýnir fjölda brautskráðra nemenda vorin 2018 til 2022 á hverri námsbraut og alls.

Í töflu 12 kemur fram meðalnámstími í önnum. Nemendur FVA á náttúrufræðibraut útskrifast að meðaltali á sex önnum, nemendur á félagsfræðabraut útskrifast á 6,4 önnum og nemendur á opinni stúdentsbraut útskrifast á 6,6 önnum. Nemendur í dreifnámi virðast ljúka námi á lengri tíma, þar sem þeir taka færri einingar á önn og sinna náminu með vinnu og jafnvel fjölskyldu.

Í skýrslu um innra mat FVA fyrir skólaárið 2020 til 2021 kemur fram að meðaleinkunn á haustönn 2020 var 7,0 og á vorönn 7,2. Markmið FVA er að allir nemendur hafi lokið 40 einingum eftir tvær annir og 80 einingum eftir fjórar annir. Vorið 2021 hafði 75% nemenda lokið 40 einingum eftir 2 annir og 76% nemenda hafði lokið a.m.k. 80 einingum eftir 4 annir. Þetta hlutfall er í lægri kantinum ef árin þar á undan eru skoðuð en þá höfðu að jafnaði vel yfir 80% lokið yfir 40 einingum eftir tvær annir og allt upp í 92% sem höfðu lokið 80 einingum eftir 4 annir. Hlutfall nemenda sem hóf nám á haustönn á stúdentsbrautum og brautskráðist á vorönn 2021 á áætluðum námstíma, þrjú ár eða sex annir, var 43%, og hefur þetta hlutfall haldist svo til óbreytt á tímabilinu sem er til skoðunar.

Í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára (2022-2024) er markmið FVA að styðja við nemendur með annað móðurmál en íslensku en markmiðið er að þessir nemi ljúki fleiri einingum á ári og fari úr 33,5 einingum í 50 á ári, einnig að brottfall nema með annað móðurmál en íslensku verði minna en 5% og útskriftarhlutfall þá hefur skólinn sett sér það markmið að styðja sérstaklega við nemendur sem innritast með D á samræmdu grunnskólaprófi (framhaldsskólabraut). Markmiðið er að þessi nemendahópur ljúki fleiri einingum á ári eða 50 í stað 30,5, fleiri ljúki náminu á framhaldsskólabraut og nái að innritast í áframhaldandi nám eða 80% þeirra í stað 60%.

Í töflu sjö kemur fram brotthvarf nemenda haust 2018 til vorsins 2022. Mest er brotthvarf árin 2019 eða 5,45% og 2021 eða 5,43%. Minnst er brotthvarf nemenda árið 2018, eða 2,7% að meðaltali. Önnur ár sem eru til skoðunar er brottfall aðeins meira en 5% að meðaltali ef undanskilið er árið 2020, en þá var brotthvarf nemenda 4,9%. Hér ber þó að hafa í huga að skólastarf hefur verið með óhefðbundnum hætti sl. misseri vegna Covid og óvíst hvort eða hvaða áhrif það hefur haft á skólavist nemenda.

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta eru læsi, tjáning og samskipti, sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sjálfbærni. Í rýnihópum kennara og stjórnenda kom fram að unnið er með grunnþætti náms í flestum ef ekki öllum námsgreinum. Samkvæmt stjórnendum og kennurum í rýnihópum þá er í öllum kennslugreinum í skólanámskrá leitast við að tvíanna grunnþætti menntunar inn í námið og það er einnig reynt í skólastarfinu almennt m.a., í félagslífi nemenda. Þá hefur skólinn sett sér stefnur í einstökum málum/málaflokkum s.s. forvarnar- og heilsustefnu, jafnréttisáætlun, umhverfisstefnu, alþjóðastefnu, persónuverndarstefnu og samskiptasáttmáli er í vinnslu. Þessar stefnur styðja allar við grunnþætti menntunar og undirstrika vilja skólans til að vinna í anda þeirra. Gildi skólans undirstrika áherslu á grunnþættina auk þess sem áhersla er lögð á lýðræði í stjórnunar- og kennsluháttum innan FVA, samanber lýðræðisviku og lýðræðisfundi. Þá er ljóst að sumir grunnþáttanna falla beint að ákveðnum námsbrautum. Þar má nefna verk- og listnámsbrautir sem byggja á skapandi framlagi og hljóta jafnframt að taka mið af sjálfbærni og meðvitund fyrir umhverfi og umhverfismálum. Einnig íþróttasvið skólans með áherslu á heilbrigði og velferð nema. Á starfsbraut býðst nemendum bæði verklegt og bóklegt nám og sérstök áhersla er lögð á lýðheilsu, sköpun og forvarnir. Í kennslufræðilegri stefnu skólans kemur fram að á öllum námsbrautum í FVA sé lögð áhersla á að nemendur nái tókum á lykilhæfnipáttum aðalnámskrár.

Í vettvangsheimsókn í FVA bar samtalið við nemendur með sér ríkan skilning á sjálfbærni og meðvitund um umhverfi sitt. Í gegnum starf nemendafélags skólans kom fram áhersla á lýðræði og jafnrétti. Listaverk þrýða veggj skólans og bera vitni um áherslu á skapandi vinnuumhverfi. Það er hins vegar ljóst að menntamálayfirvöld hafa ekki sett neinn mælikvarða á grunnþætti náms og því getur verið erfitt að skilgreina að hve miklu leyti þeir endurspeglast í öllu skólastarfi.

Langtímaárangur

FVA kannar með reglulegum hætti hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum. Fram kom í samtölum við starfsfólk og kennarar skólans, að nemendur sem hafa útskrifast úr FVA hafa sett svip sinn á atvinnulíf og samfélagið á svæðinu m.a., á sviði stjórn mála, menntamála og stóriðju. Í vettvangsheimsókn í skólann er bersýnilegt að stjórnendum, starfsfólk nemendur og kennarar FVA eru vakandi fyrir samfélagslegri þróun, breyttum áherslum, kröfum og aðstæðum í íslensku samfélagi. Skólinn leggur áherslu á að vera í góðu samstarfi við nærsamfélagið.

Styrkleikar

- Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi í skólastarfinu: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, sköpun, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi
- Vel fylgst með velferð nemenda
- Gott aðgengi að lykiltölum um skólastarfið og árangur þess
- Skólinn á í góðum samskiptum við nærumhverfi sitt
- Markmið í stefnumiðaðri áætlun fyrir árin 2022-2024
- Nemendur geta útskrifast af mörgum mismunandi brautum, jafnt í verknámi sem bóknámi
- Nemendur skólans setja svip á atvinnulíf og samfélag Vesturlands eftir útskrift

Tækifæri til umbóta

- Leita leita til að draga úr brotthvarfi
- Skoða markvisst hvernig grunnþættir menntunar birtast í kennsluáætlunum og hver upplifun nemenda er af vinnu með grunnþætti menntunar í skólanum

Heimildir og tilvísanir

- Gögn frá Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði FVA – <https://www.fva.is/>
- Árskýrslur FVA 2018 til 2021
- Stefnuskjal FVA frá 2022 til 2024
- Sjálfsmatsskýrslur FVA 2018 til 2021
- Viðtöl við skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fjármálastjóra, mannauðs og gæðastjóra, fyrrverandi formann skólanefndar og fulltrúa foreldraráðs.
- Rýnihópar; deildastjóra, kennara, nemenda, annars starfsfólks, náms- og starfsráðgjafa, hjúkrunarfræðing og forvarnarfulltrúa, gæðaráð og gæðastjóra og stjórnar nemendafélags NFFA.
- Námsáætlanir
- Áfangalýsingar